

Tónlistardeild

Meistaránám í söng-og hljóðfærakennslu

ARFURINN

***Sveigjanlegar útsetningar á íslenskum þjóðlögum
fyrir strengjanemendur á grunnstigi***

Lokaverkefni til M.Mus.Ed prófs í söng- og hljóðfærakennslu

Anna Hugadóttir

Vorönn 2021

Tónlistardeild

Meistaránám í söng- og hljóðfærakennslu

ARFURINN

***Sveigjanlegar útsetningar á íslenskum þjóðlögum
fyrir strengjanemendur á grunnstigi***

Lokaverkefni til M.Mus.Ed prófs í söng- og hljóðfærakennslu

Einingafjöldi: 20

Anna Hugadóttir

Kt.: 210180-4009

Leiðbeinendur: Elín Anna Ísaksdóttir og Hildigunnur Rúnarsdóttir

Vorönn 2021

Útdráttur

ARFURINN er safn sveigjanlegra útsetninga á íslenskum þjóðlögum fyrir strengjanemendur á grunnstigi. Með verkefninu sameinar höfundur þrjú hugðarefni sín, íslenskan þjóðlagaarf, skapandi starf í tónlistarnámi og strengjakennslu.

Verkefnið á sér langan aðdraganda en höfundur byggir það á eigin kennslureynslu og þeim áhrifum sem hann hefur orðið fyrir sem kennari innanlands og utan síðastliðin 15 ár.

Helstu áhrifavaldar við gerð útsetninganna eru aðferð Kodálys og skyldar kennsluaðferðir í hljóðfærakennslu, íslenskar og norrænar þjóðlagaútsetningar og svo viðtöl við kollega höfundar í stétt strengjakennara sem hafa miðlað af reynslu sinni af miklu örlæti.

Allar útsetningarnar eru byggðar upp á sama hátt; laglína er studd þremur fylgiröddum á mismunandi erfiðleikastigi sem henta allt frá byrjendum til nemenda sem lokið hafa grunnstigi samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár. Allar raddir eru skrifaðar út fyrir fiðlu, víólu, selló og kontrabassa. Hver nemandi getur fengið rödd við sitt hæfi og því má nota útsetningarnar með fjölbreyttum nemendahópi. Útsetningarnar ásamt ítarefni, kennsluleiðbeiningum og hljóðskrár eru aðgengilegar á heimasíðu höfundar, www.annahuga.is og er aðgangur notendum að kostnaðarlausu.

Verkefninu er ætlað að stuðla að varðveislu og miðlun menningararfsins, bæta framboð á námsefni fyrir strengjanemendur á grunnstigi og kynna nemendur og kennara fyrir þeim miklu möguleikum sem felast í íslenskri þjóðlagatónlist.

Abstract

ARFURINN (HERITAGE) is a collection of flexible arrangements of Icelandic folksongs for young stringplayers. The project combines three interests of the author, Icelandic folk music heritage, creative music teaching and string instrument pedagogy.

The project has been long in the making. It is based on the author's 15 years of teaching experience and various influences experienced in Iceland and abroad. The main contributing factors to the arrangements are the Kodály method and related methods in instrumental teaching, Icelandic and Nordic folk music arrangements and interviews with fellow string teachers who have been most generous in sharing their experiences.

All the arrangements have an identical structure: The melody is supported by three accompanying voices at different levels of difficulty that are suitable for beginners up to students that have completed the elementary level of "grunnpróf" according to the Icelandic Curriculum of Music Teaching. All voices are written for violin, cello and double bass. Each student is assigned a voice that suits them, and thus the arrangements can be used with a diverse group of students. All arrangements, including additional material, teaching instructions and audio files are available free of charge on the author's home page; www.annahuga.is.

The purpose of this project is to promote the preservation and dissemination of Icelandic musical heritage, improve the supply of study material for young string players and introduce students and teachers to the infinite possibilities Icelandic folk music has to offer.

Formáli

Lokaverkefnið ARFURINN er unnið til 20 ECTS M.Mus.Ed. prófs í söng- og hljóðfærakennsludeild Listaháskóla Íslands vorið 2021.

Leiðbeinendur verkefnisins voru tveir; Elín Anna Ísaksdóttir aðjúnt og fagstjóri meistaranáms í söng- og hljóðfærakennslu og Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld og aðjúnt í tónsmíðum og fræðum við LHÍ. Þakka ég þeim gott og faglegt samstarf, aðstoð og ábendingar.

Dr. Úlfari Inga Haraldssyni tónskáldi, Páli Hannessyni bassaleikara, Grétu Rún Snorradóttur sellóleikara og Dr. Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara þakka ég góð ráð við frágang útsetninga og kennsluleiðbeininga. Dr. Ásthildi B. Jónsdóttur þakka ég yfirlestur og ábendingar um fjölmenningu. Dr. Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur og Ingimari Waage lektorum við LHÍ þakka ég stuðning og eftirfylgni og Sesselju Halldórsdóttur víóluleikara og bókaverði MÍT vil ég þakka aðstoð við heimildaleit.

Viðmælendum mínum þakka ég góðar viðtökur og áhugaverð viðtöl. Eins kann ég fjölmörgum samkennurum mínum innan lands og utan bestu þakkir fyrir áhuga, hvatningu og aðstoð við öflun heimilda.

Margir vinir og ættingjar hafa lagt hönd á plóg svo af þessu verkefni mætti verða. Ari Karlsson lögmaður og aðjúnt við Háskólann á Bifröst las greinargerð með tilliti til stafsetningar og málfars. Eiginmaður minn, Þórarinn A. Ólafsson læknir hannaði vefsíðuna og sparaði mér þannig ómældar vinnustundir. Systir mín og mágur, Margrét Hugadóttir og Tryggvi Gunnarsson og foreldrar okkar Þórarins, þau Þórunn B. Böðvarsdóttir, Hugi Helgason, Ólafur Z. Ólafsson og Þórunn Halldórsdóttir hafa gætt barnanna okkar í tíma og ótíma og vakað yfir velferð fjölskyldunnar á álagstímum. Þakka ég þeim öllum innilega fyrir hjálpina.

Síðast en ekki síst vil ég þakka sonum okkar Þórarins, þeim Ólafi 10 ára og Sigurði Huga 4 ára fyrir að gefa mömmu sinni ítrekað ráðrúm til að „klára hugmyndirnar“.

Anna Hugadóttir

Reykjavík, 1. maí 2021

Efnisyfirlit

Formáli	i
Inngangur.....	2
1. Þjóðlög og gildi þeirra í tónlistarkennslu.....	4
1.1 Hvað eru þjóðlög?.....	4
1.2. Þjóðlög sem þjóðarspegill	5
1.3 Þjóðlög sem tæki í fjölmennningarlegri kennslu	7
1.4 Hvers vegna er verkefnið byggt á íslenskum þjóðlögum?	8
2.kafli. Arfur Kodálys.....	10
2.1 Aðferð Kodálys – aðferðafræði og hugtök	10
2.2 Hljóðfærakennsla eftir hugmyndafræði Kodálys.....	11
2.3 Áhrif aðferðar Kodálys á verkefnið.....	12
3. Íslensk þjóðlög, saga og sérkenni.....	14
3.1 Tónheimur íslenskra þjóðlaga.....	14
3.2 Varðveisla og nýting þjóðlagaarfsins.....	15
3.3. Íslenskur þjóðlagaarfur sem námsefni í tónlistarskólum	16
4. kafli. ARFURINN – undirbúningsferlið	19
4.1 Viðtöl við kennara	19
4.1.1 Viðmælendur og framkvæmd viðtala	19
4.1.2 Aðferðafræði og form viðtalanna	20
4.1.3 Greining og niðurstöður.....	20
4.2 Námsefni.....	22
4.2.1 Íslenskt efni byggt á þjóðlögum.....	22
4.2.2 Norræn þjóðlög og þjóðlaganámsefni fyrir strengjanemendur	25
4.2.2.1 Bækur og útsetningar	25
4.2.2.1 Vefsíður	28
5. kafli. ARFURINN – útsetningarnar	31
5.1 Lagaval, aðferðir og ferli	31
5.2 Leiðarstef og skipulag	34
5.3 Vinnulag við útsetningarnar.....	36
5.4 Uppsetning á netinu.....	37
Niðurlag.....	42
Heimildaskrá	44
Viðauki	49

a) ARFURINN, www.annahuga.is	49
b) Spurningalisti – viðtöl við tónlistarkennara.....	49
c) Yfirlit yfir undirbúningstöflur	50

Inngangur

Lokaverkefnið ARFURINN er safn sveigjanlegra útsetninga á íslenskum þjóðlögum fyrir strengjanemendur á grunnstigi. Í því sameina ég þrjú hugðarefni mín, íslenskan þjóðlagararf, skapandi starf í tónlistarnámi og strengjakennslu.

Verkefnið á sér langan aðdraganda. Haustið 2007 hóf ég hóf störf við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og fékk það verkefni að stofna byrjendasveit strengjanemenda við skólann. Mig vantaði námsefni sem hentaði nemendunum og gerði nokkrar einfaldar útsetningar á íslenskum þjóðlögum sem börnin þekktu í bland við tækniþjálfun, tónlistarhugtök og *effekta* úr ýmsum áttum. Ég komst þá að því að íslensk þjóðlagatónlist er tilvalin til kennslu ungra barna. Nemendurnir voru fljótir að læra að spila lögin og áttu auðvelt með að tileinka sér ný hugtök og færni með hjálp laganna. Mörgum árum seinna áttaði ég mig á því að þarna var ég í raun að kenna nemendum mínum samkvæmt aðferð Kodálys.

Ungverski þjóðalagasafnarinn, tónskáldið og tónlistarkennarinn Zoltán Kodály var frumkvöðull í tónlistarkennslu og hefur kennsluaðferð hans notið mikilla vinsælda um heim allan. Kodály byggði aðferð sína á þjóðlagatónlist enda taldi hann þjóðlögin hið tónræna móðurmál barnsins (Black, 1982). Ýmsir hafa spreytt sig á að aðlagja kennsluaðferð Kodálys hljóðfærakennslu og er finnska *Colour Strings* aðferðin gott dæmi um það en hún notar þjóðlög til þess að hjálpa nemendum að takast á við tæknilegar og tónlistarlegar áskoranir tengdar hljóðfæraleiknum (Szilvay, 1979).

Árin 2013-2019 bjó ég og starfaði í Noregi og kynntist þar norrænum þjóðlagaútsetningum fyrir strengi. Mér fannst áhugavert að sjá hvernig nemendur tengdust þjóðlagarafi sínum í gegnum þessar útsetningar og hvernig þær fóru með þjóðlögin sem lifandi listform, ekki rykfallinn safngrip. Sérstaka athygli mína vöktu þær útsetningar sem voru gerðar með það að leiðarljósi að nemendur á ólíkum stigum náms gætu leikið saman. Margir tónlistarkennarar verja miklum tíma í að setja saman samspilshópa, útsetja lög og aðlagja námsefni svo það henti nemendum hverju sinni (Gylfi Garðarsson, 2016). Sérstaklega á þetta við í skólum þar sem ójafnvægi er í nemendafjölda á hvert hljóðfæri og getustig mjög breitt innan nemendahópsins. Ég sá fyrir mér að sveigjanlegar útsetningar gætu komið til móts við kennara og nemendur í slíkri stöðu og fékk þá hugmynd að útsetja íslensk þjóðlög á þann hátt fyrir strengjanemendur á grunnstigi. Það var þó ekki fyrr en ég settist aftur á skólabekk haustið 2019, að þessu sinni í Listaháskóla Íslands, að ég fékk tíma og ráðrúm

til þess að vinna að þessari hugmynd, sem nú er orðin að lokaverkefni mínu í meistaranámi í söng- og hljóðfærakennslu.

Verkefnið hefur fylgt mér allt meistaranámið. Ég notaði skyldunámskeið í aðferðafræði og námsefnisgerð til þess að safna heimildum og prófa mig áfram með uppsetningu og efnistöð. Ég nýtti einnig lesefni úr kennslufræðiáföngum til þess að búa í hagin fyrir eiginlegan undirbúning verkefnisins sem hófst haustið 2020. Ég leitaði þá meðal annars fyrirmynda í norrænu þjóðlaganámsefni og íslenskum útsetningum fyrir strengjahljóðfæri og tók viðtöl við kollega í tónlistarkennarastétt víða um land til að fá vísbendingar um heppileg efnistöð og uppsetningu námsefnisins.

Í anda aðferðar Kodálys er námsefnið þannig upp sett að nemendur læra að syngja lögin áður en þau eru spiluð. Hverri útsetningu fylgja kennsluleiðbeiningar þar sem fjallað er um sögu lagsins, aðalatriði útsetningarinnar, æfingar og upphitun fyrir hverja útsetningu og svo möguleg tilbrigði. Allar útsetningarnar eru byggðar upp á sama hátt; laglína er studd þremur fylgiröddum á mismunandi erfiðleikastigi sem henta allt frá byrjendum til nemenda sem lokið hafa grunnstigi. Raddirnar eru allar skrifaðar út fyrir öll strengjahljóðfærin, fiðlu, víólu, selló og bassa og kennari úthlutar hverjum nemanda þeirri rödd sem honum hentar best. Því er hægt að nota útsetningarnar með mjög fjölbreyttum nemendahópi. Hverju lagi fylgir tvenns konar raddskrá og allar raddir útskrifaðar, auk hljóðskráa.

Í þessari greinargerð með verkefninu rökstyð ég gildi þess að nota þjóðlög sem kennsluefni og nefni dæmi um kennsluáðferðir sem byggðar eru á þjóðlagatónlist. Ég fjalla um íslensk þjóðlög og hvernig þau, með allri sinni sérstöðu og sögu, geta nýst sem námsefni í hljóðfærakennslu. Ég fer yfir undirbúningsferlið við útsetningarnar, námsefni og útsetningar sem ég hef skoðað og segi frá viðtölum við tónlistarkennara.

Eiginlegar niðurstöður verkefnisins eru sjálfar útsetningarnar sem byggja á allri þeirri undirbúningsvinnu sem hér hefur komið fram. Ég vona að þær eigi eftir að gagnast vel og gefa nemendum og kennurum innsýn inn töfraheim þjóðlagaarfsins og tilfinningu fyrir þeirri fortíð sem hann er sprottinn úr. Ekki síst vona ég að útsetningarnar verði öðrum hvatning til að nýta sér þá ótal möguleika sem íslensk þjóðlagatónlist býður upp á.

1. Þjóðlög og gildi þeirra í tónlistarkennslu

Í þessum kafla fjalla ég um ýmis hugtök og skilgreiningar tengdar þjóðlögum og þjóðlagatónlist. Ég segi frá kenningum þýska heimspekingsins Johann Gottfried Herder um þjóðlög sem birtingarmynd þjóðarsálarinnar og áhrifum kenninga hans á lista- og fræðimenn. Einnig fjalla ég um hvernig þjóðlög lýsa sammannlegri reynslu og hvernig hægt er að nota þau til þess að auka menningarläsi og samkennd meðal nemenda af ólíkum uppruna. Í lok kaflans rökstyð ég þá ákvörðun mína að leggja íslensk þjóðlög til grundvallar verkefninu.

1.1 Hvað eru þjóðlög?

Séra Bjarni Þorsteinsson, höfundur ritsins *Íslensk þjóðlög* sem kom út á árunum 1906-1909 segir svo í formála bókarinnar:

Þegar talað er um þjóðlög einhvern þjóðar, er með því átt bæði við þau lög, sem að öllu leyti hafa myndast hjá þjóðinni, án þess að nokkur geti bent á stund eða stað, er lagið hafi myndast, og einnig þau lög, sem þjóðin hefur algerlega gert að sinni eign, með því að hafa þau lengi og iðulega um hönd og setja á þau sinn einkennilega blæ, jafnvel þótt lögin sjeu upprunalega utan að komin (Bjarni Þorsteinsson, 2008, bls. 1).

Lykilatriði í þessari skilgreiningu Bjarna er munnleg geymd, að lagið hafi lærst mann fram af manni og tekið breytingum á því ferðalagi. Pétur Húni Björnsson þjóðfræðingur tekur undir þessa skilgreiningu og segir í ritgerð sinni *Íslensk þjóðlög? Söfnun, útgáfa og viðtökur þjóðlagasafns Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög* að þjóðlag sé lag sem „hefur varðveist meðal ákveðins hóps fólks og þróast og tekið breytingum í munnlegri geymd yfir langan tíma, oft án þess að uppruni þess eða höfundur sé þekktur“ (2019, bls. 12).

Til eru dæmi um erlend lög og stef sem unnið hafa sér sess sem íslensk þjóðlög með því að varðveitast í munnlegri geymd á þennan hátt. Sem dæmi má nefna sálminn *Frábæra bæra* en í þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar er hann ritaður upp úr handritinu Hymnodiu. Árni Heimir Ingólfsson komst að því að lagið er upphaflega tenórrödd úr fjögurra radda jólamótettu við latneskan texta sem barst sennilega til Íslands með íslenskum námsmönnum á síðari hluta 16. aldar. Lagið varð vinsælt á Íslandi, við það var ortur íslenskur texti og það má finna má á nótum í sex íslenskum handritum og án nótna í 23.

Heimildir um lagið spanna tvær aldir og má glögglega sjá áhrif munnlegrar geymdar á yngstu handritunum (Árni Heimir Ingólfsson, 2019). Á sama hátt blönduðust evrópskir dansar norrænni tónlistarhefð á Norðurlöndum á 16. og 17. öld svo úr varð fjölbreytt danstónlist með greinilegum sérkennum eftir landsvæðum (Haugan og Endseth Hagerup, 2017). Þannig setur munnleg geymd mark sitt á tónlistina og gerir hana að sameign þjóðarinnar.

1.2. Þjóðlög sem þjóðarspegill

Folksongs are the musical expression of an entire way of life – intimately linked with the psychology, occupation and general world view (Weltanschauung) of a particular group of people. (Griffin, 1977, bls 942)¹

Flestir geta verið sammála um að fólki sé nauðsynlegt að þekkja rætur sínar og sögu svo það fái skilið samtíma sinn, umhverfi og aðstæður. Hægt er að öðlast innsýn inn í fortíðina með ýmsum hætti, meðal annars með því að rýna í þjóðlegan fróðleik og þjóðlög.

Einn af upphafsmönnum þessarar hugmyndar var þýski 18. aldar heimspekingurinn Johann Gottfried Herder. Herder taldi hverri þjóð nauðsynlegt að þekkja rætur sínar til þess að geta staðið á eigin fótum og var þeirrar skoðunar að best væri að horfa til framtíðar með því að byggja á fornum, þjóðlegum grunni. Herder var mjög upptekinn af þeim áhrifum sem náttúruöflin hafa á aðstæður fólks, hefðir og lifnaðarhætti. Samkvæmt kenningum hans mótar náttúran þjóðir og þjóðarsálir svo greina megir eina frá annarri og birtingarmynd hverrar þjóðarsálar er þjóðlög hennar og þjóðkvæði (Wilson, 2006). Kenningar Herders voru um margt á skjön við skoðanir upplýsingarmanna sem vildu margir meina að þjóðlegur fróðleikur væru fornleifar og nútímanum óviðkomandi en í pólitísku umróti 19. aldar ýttu þær undir útbreiðslu þjóðernisrómantíkur sem breiddist út um alla Evrópu í takt við vaxandi þjóðarvitund og sjálfstæðisbaráttu þjóða og þjóðarbrotta. Listamenn, tónlistarmenn og rithöfundar hófu að sækja innblástur í fortíð sína og þjóðararf, almennur áhugi jókst á þjóðlegum fróðleik og skipuleg söfnun hófst á þjóðsögum, þjóðkvæðum og þjóðlögum (Wilson, 2006).

1 „Þjóðlög tjá lífsstíl heillar þjóðar í tónum – og þar með sálarástand, iðju og heimssýn ákveðins hóps fólks“ (haft eftir bandarísku þjóðlagagoðsögninni Dave van Ronk, þýðing höf.)

Ungverska tónskáldið Zoltán Kodály var einn þeirra fræðimanna sem lögðust í umfangsmikla söfnun á þjóðlegum fróðleik í anda Herders. Hann líkti ungverskri þjóðlagatónlist gjarnan við þjóðarspegil í skrifum sínum enda hafi hún mótast af samneyti við þjóðina í þúsund ár og sé ekkert mannlegt óviðkomandi (Kodály, 1974). Þessi spegillíking var og er algeng meðal fræðimanna en í grein sinni *Cultural Identity and the Kodály philosophy* skrifar fræðimaðurinn Frank York einmitt að þjóðlög endurspegli þjóðarsálina (1999). Fleiri fræðimenn hafa tekið í sama streng. Dr. Alex C. Asigbo sem rannsakað hefur samfélagslegt hlutverk þjóðlaga í ýmsum löndum Afríku segir þjóðlög endurspegla það samfélag sem þau spretta úr og gefa okkur upplýsingar um menningu og trúarlíf fólks, gildi og venjur (Asigbo, 2015). En hvað með hinn íslenska þjóðarspegil? Hvaða ályktanir getur nútímafólk dregið af íslenskum þjóðlögum um fortíðina og áhrif áhrif hennar á samfélag okkar og sögu? Í grein sinni Íslenkzt tónlistareðli sem birtist í tímaritinu Skírni árið 1922 lýsti tónskáldið Jón Leifs anda íslenskra þjóðlaga á eftirfarandi hátt:

Eðlilega hefir andi íslenskra þjóðlaga mótast af náttúru landsins og hörmungum þeim sem á þjóðinni dundu. Djúpa alvöru flytja lögin og hrikaleik og harðneskju meiri en nokkur önnur þjóðlög. Þar er oft sem bitið sje á jaxl og tönnum gníst gegn örlögunum. Gleðskapar verður einnig vart, en þá lendir oft í harðgerum (groteskum) gáska og köldum hlátri [...] Trúarauðmýkt og þokuþunglyndi má einnig finna en oftast býr þar undir hulin harðneskja. Fagurt tákn þess að örlögin fá ekki bugað Íslendinga (Jón Leifs, 1922, bls. 140).

Skilgreining Jóns er mjög í anda kenninga Herders um áhrif náttúrunnar á móton þjóðarsálarinnar. Hún er lituð mikilli þjóðernisrómantík en eins og sést á eftirfarandi vísu eftir Einar E. Sæmundsen sem finna má í *Segulböndum Iðunnar* er hún ekki úr lausu lofti gripin:

Enginn maður á mér sér,
inn þá blæða sárin.
Hef ég lært að harka af mér
hlæja gegnum tárin.
(Kvæðamannafélagið Iðunn, 2018, bls. 62)

Þjóðarspeglinum sem birtist í íslenskum þjóðlögum er ekkert mannlegt óviðkomandi – rétt eins og hinum ungverska sem Kodály lýsti í skrifum sínum. Hann lýsir harðri lífsbaráttu þjóðar í sambýli við óblið náttúruöfl en einnig ríkulegu innra lífi fólks, tilfinningum og ímyndunarafl. Við sem nú lifum höfum gott af því að líta í þennan spegil og finna fyrir fátækt, hungri, kulda og myrkri, upplifa náttúruhamfarir, vistarband og eilífa návist dauðans – en falla einnig í stafi yfir fegurð og afli náttúrunnar, fá góðan afla, sjá feitt safn koma af fjalli að hausti, fylgjast með börnum að leik, sækja styrk í hetjukvæði og lofa almættið í þeirri von að allt reddist nú fyrir rest. Hver veit nema við skiljum nútímann betur fyrir vikið.

1.3 Þjóðlög sem tæki í fjölmennningarlegri kennslu

Þjóðlög endurspeglar það samfélag sem þau spretta úr og því eru þau fyrirtaks tæki til að veita fólki innsýn inn í menningu og sögu þjóða og samfélaga um víða veröld. Robert J. Griffin, sem kennt hefur enskumælandi Bandaríkjamönnum menningarsögu spánskrar og latín-amerískrar menningar lýsir því í grein sinni *Teaching Hispanic Culture through folk music* að þjóðlög tengi nemendur við aðra menningarheima en þeirra eigin á áþreifanlegri og persónulegri hátt en hefðbundið námsefni (1977). Þar sem þjóðlög lýsa oft daglegu lífi fólks og aðstæðum er áhugavert að varpa ljósi á líkindi með þjóðlögum frá mismunandi menningarheimum. Til dæmis er hægt að skoða hvernig lögin fjalla um tengsl milli fólks, upplifanir, atburði og tilfinningar og svo við hvaða tækifæri þau eru sungin og flutt. Þjóðlögin sýna þannig að það er fleira líkt með okkur en skilur okkur að. Með því að kynnast menningu annara þjóða gegnum þjóðlög lærum við að setja okkur í spor annars fólks, sem er mikilvægur eiginleiki í fjölmennningarlegu samfélagi og ómissandi hluti borgaravitundar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Gott dæmi um notkun þjóðlaga til þess að byggja brú milli menningarheima er norska verkefnið *Fargespill*.² Fargespill er tónlistarverkefni fyrir börn og unglinga af ólíkum uppruna sem blandar saman tónlist og dansi frá upprunalöndum þáttakenda. Hverju verkefni lýkur með sýningu sem hver hópur þáttakenda setur saman með aðstoð atvinnumanna í tónlist og sviðslistum. Fargespill fellur undir hugtakið samfélagstónlist (*e. community music*) sem hefur að markmiði að allir taki þátt á sínum forsendum og myndi

² Fargespill þýðir kviksjá á íslensku. Fyrir þá sem ekki þekkja til er kviksjá leikfang, hólkur eða kíkir sem gægst er inn í og snúið til þess að breyta litríku mynstrinu í hinum enda hólksins.

samfélag með sameiginlegri tónlistariðkun sinni. Með því að taka þátt í verkefni á borð við Fargespill fá þátttakendur tækifæri til að þroska sköpunarkraft sinn óháð uppruna og efnahag og sýna jafnframt fram á þann mannauð sem býr í fjölmenningsarsamfélaginu. Í meistararitgerð sinni frá 2016 kannaði Maria Skjeldrum Toppe notkun þjóðlaga og þjóðdansa úr ýmsum áttum í Fargespill verkefninu. Hún komst að því að það að leggja fjölbreytta þjóðlagatónlist til grundvallar verkefninu hafði jákvæð áhrif á sjálfsmynd þáttakenda enda var menningarmunur þá frekar skilgreindur sem auðlind en sem vandamál. Margir þáttakenda töluðu um að þeim þætti skemmtilegt að læra þjóðlög frá öðrum löndum en sínu eigin. Þeim fannst auðvelt að læra lögin og nutu samverunnar með hópnum sem vann saman að sameiginlegu markmiði (Skjeldrum Toppe, 2016). Því má segja að með því að nota þjóðlög sem kennsluefni fáum við tækifæri til að spegla okkur í þjóðarspeglum hvers annars og eflum þannig samkennd og virðingu milli fólks.

1.4 Hvers vegna er verkefnið byggt á íslenskum þjóðlögum?

Í bók sinni Fjölmenningarleg kennsla, forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum segir Guðrún Pétursdóttir meðal annars að ómögulegt sé að: „fást við framandi menningu án þess að fást við sína eigin menningu fyrst, verða sér meðvitaður um hana og víkka út þekkingu sína á henni“ (1999, bls. 47). Þjóðlög og þjóðkvæði eru frábært tæki til þess að tengjast menningarsögu sinni (York, 1999, bls. 16-17) og það á ekki síður við um íslenska menningu en menningu annarra þjóða. Með því að nota íslensk þjóðlög sem grundvöll að útsetningum kynnast nemendur íslenskri menningu á persónulegan, aðgengilegan og lifandi hátt sem er líklegur til að vekja forvitni um jarðveginn sem lögin spretta úr. Að vinna með menningu okkar með tónlist og kveðskap að vopni stuðlar að betra menningarlæsi nemenda og hjálpar þeim að setja menningu sína í samhengi við menningu annarra landa og þjóða. Þetta á jafnt við um nemendur sem aldir eru upp í íslensku menningarumhverfi og þá nemendur sem hafa annan menningarlegan bakgrunn.

Íslensk þjóðlagatónlist hentar vel til tónlistarkennslu. Hún er að upplagi sönglist sem er auðvelt að spila á hljóðfæri og býður upp á mikla möguleika í útsetningum og útfærslum eins og sést á þeim fjölmörgu útgáfum sem íslenskir tónlistarmenn hafa sent frá sér undanfarin ár með þjóðlagatengdu efni. Ekkert er því til fyrirstöðu að vinna með þjóðlagaarfinn á fjölbreyttan og skapandi hátt í tónlistar- og hljóðfærakennslu (Kristín Lárusdóttir, munnleg heimild, 3. desember 2019). Í þriðja kafla verður fjallað nánar um

Þjóðlagakennslu í íslenskum tónlistarskólum og framboð á þjóðlagatengdu námsefni en fyrst leggjum við leið okkar í austurveg þar sem við kynnumst aðferð Kodálys og kennsluaðferðum í hljóðfæraleik sem byggðar eru á þjóðlagatónlist.



2.kafli. Arfur Kodálýs

Í þessum kafla fjalla ég um nokkrar kennsluaðferðir sem byggðar eru á þjóðlagatónlist og þá fyrst og um fremst aðferð Kodálýs sem hefur haft mikil áhrif á tónlistarkennslu um allan heim. Ég segi frá kennsluaðferðum í hljóðfæraleik sem byggja á aðferðafræði og hugtakanotkun aðferðar Kodálýs og hvernig þessar kennsluaðferðir höfðu áhrif á undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

2.1 Aðferð Kodálýs – aðferðafræði og hugtök

Aðferð Kodálýs er kennd við upphafsmann hennar, Zoltán Kodály sem var ungverskt tónskáld, tónlistarkennari og þjóðlagasafnari. Hún er byggð á ungverskri þjóðlagatónlist og hugmyndum ýmissa fræðimanna á sviði kennslufræði. Kodály var á þeirri skoðun að röddin væri fyrsta og náttúrulegasta hljóðfæri mannsins og að með söng og kórastarfi væri hægt að veita öllum aðgengi að gæðatónlistarkennslu (Kodály, 1974). Kodály taldi þjóðlög vera hið tónræna móðurmál barnsins og lifandi listform sem hentaði vel til kennslu ungra barna. Í félagi við kollega sinn, ungverska tónskáldið Béla Bartók, safnaði hann um 1000 ungverskum þjóðlögum, greindi þau og notaði sem grunn að kennsluaðferð sinni. (Black, 1982).

Samkvæmt aðferð Kodálýs er nemendum kennt að syngja á færanlegum söngheitum samkvæmt *sol-fa* kerfi eða *do re mi fa so la ti do* þar sem *do* stendur fyrir grunntón í dúr. Einnig eru nótnagildi nefnd með sérstökum orðum, samanber *ta* fyrir fjórðapartsnótur og *títí* fyrir áttundaparta. Nemendur læra að syngja ein- og fjölradda lög og þróa smám saman með sér gott *innra eyra* sem nýtist í öllu tónlistarstarfi.

Í Kodály kennslustund er ákveðið tónlistarhugtak kynnt á fjölbreyttan hátt gegnum þjóðlög og leik áður en kennarinn nefnir hugtakið og sýnir það í samhengi við efni sem nemendur þekkja fyrir. Þannig verða nemendur meðvitaðir um hugtakið og geta nú spreytt sig á að nota það sjálfir á ýmsan hátt. Með því að tengja við efni sem nemendur þekkja fyrir og byggja á því er nemendum gert auðveldara fyrir að tileinka sér nýja þekkingu og færni (Neumann, 2006).

Kodály sótti innblástur til ýmissa kennismiða á sviði kennslufræði en kennsla af þessu tagi, þar sem virkni og þáttaka nemenda er höfð að leiðarljósi rímar vel við kenningar Svisslendingsins og 18. aldar mannsins Johanns Henrichs Pestalozzis sem lagði áherslu á að nemendur fengju að reyna beint sig við efnið í stað þess að hlusta einungis á útskýringar

kennarans. Uppbygging kennslustundarinnar, þar sem kennarinn skipuleggur námsferlið og styður vel við nemendur í byrjun en dregur svo úr stuðningi þegar á líður til að hvetja til sjálfstæðis nemenda er hins vegar nátengd kenningum Sovétmannsins Levs Vygotskys sem uppi var á fyrri hluta síðustu aldar (Neumann, 2006).

Tónheyrnarþjálfun eftir aðferð Kodálýs er víða notuð hérlandis, í forskólakennslu, tónmenntakennslu og tónheyrnarkennslu. Það ber hins vegar minna á því að aðferðin sé staðfærð og notuð markvisst (Birgit Myschi, 2011).

2.2 Hljóðfærakennsla eftir hugmyndafræði Kodálýs

Ýmsir hafa spreytt sig á að aðlaga kennsluaðferð og hugmyndafræði Kodálýs hljóðfæranámi og er finnska strengjakennsluaðferðin Colour Strings gott dæmi um það. Upphafismaður og höfundur Colour Strings er Ungverjinn Geza Szilvay sem starfað hefur sem fiðlukennari í Finnlandi allt frá árinu 1971 og er enn að þrátt fyrir háan aldur. Í grein sinni *The Kodaly method applied to string instruments* sem kom út í tímaritinu *The Kodaly journal* árið 1979 segir hann: „Forskólabarn ætti helst að kynnast tónlist gegnum kunnuglega þjóðlagatónlist og tónlistina ætti að kenna eins og tónrænt móðurmál barnsins“³ (1979, bls.17, þýðing höf.). Colour Strings aðferðin styðst þannig við lög sem börn þekkja fyrir til þess að hjálpa þeim að tileinka sér tækni og hugtök og komast yfir erfiðleika tengda fiðluleiknum (Szilvay, 1979). Hugtök og aðferðafræði Colour Strings eru tekin upp úr aðferð Kodálýs, nemendur læra að syngja lögin áður en þau eru spiluð, hrynorð og söngheiti eru notuð markvisst og nemendur læra að yfirfæra þessi atriði á hljóðfærið sitt, meðal annars gegnum spuna og leiki (Szilvay, 2018). Szilvay mælist til þess við kennara að þeir staðfæri námsefnið og bæti við lögum frá eigin landi svo tilgangur þess komist sem best til skila.

Í ritgerð sinni *The application of the Kodaly method to instrumental music education* fjallar bandaríski tónlistarkennarinn Sherry Black um hljóðfærakennslu eftir aðferð Kodálýs. Þar kemur fram að tónheyrnarþjálfun eftir aðferð Kodálýs styrki allar hliðar tónlistarmenntunar, þar á meðal tónheyrn, nótnalestur, nótnaskrift, formskilning og tónflutning milli tóntegunda og lykla. Eins og í Colour Strings aðferðinni er nemendum kennt að syngja lög á söngheitum og tengja söngheitin við fingrasetningar til að auðvelda

³ “A child in play-school can best be introduced to music through familiar folk-songs, with music taught as his musical mother-tongue” (Szilvay, 1979, bls.17).

þeim námið. Black leggur áherslu á nemendur þroski sitt innra eyra að með því að syngja lögin áður en þau eru spiluð og geti því betur leiðrétt sjálfa sig þegar kemur að því að leika lögin á hljóðfæri; tónheyrnin togi nemendur beinlínis á rétta braut. Black fjallar einnig um spuna og hvernig má nota hann til þess að festa hugtök í sessi og eins hvernig má staðfæra kennsluaðferðina með því að nota þjóðlög sem nemendur þekkja til þess að kynna hugtök og kenna nýja færni (Black, 1982).

Söngur er grundvallaratriði í öllum kennsluaðferðum sem tengjast aðferð Kodálys á einhvern hátt. Þegar röddin er notuð markvisst er auðveldara að leysa vandamál tengd frasingum, erfiðum hlaupum, snúnum takti og svo mætti lengi telja. Með því að venja nemendur við að nota sína eigin rödd frá upphafi tónlistarnáms og tengja hana við hljóðfærið sitt eignast nemendur frábært hjálpartæki sem mun gagnast þeim allt lífið. Að mínu mati er það stærsti kostur þess að kenna hljóðfæraleik eftir hugmyndafræði Kodálys.

2.3 Áhrif aðferðar Kodálys á verkefnið

Augljósasta tenging verkefnisins við aðferð Kodálys er sú að útsetningarnar eru byggðar á þjóðlögum og gert er ráð fyrir því að nemendur syngi lögin áður en þau eru spiluð af nótum. Eins og Kodály finnst mér mikilvægt að nemendur tengist tónlistararfi sínum og þeim tónheimi sem birtist í honum. Sú tenging verður best styrkt með söng. Þegar við syngjum laglínuna styrkjum við tóneyrað og þegar við förum með textann lærum við ekki aðeins rytma lagsins heldur lítum við í þjóðarspegilinn um leið og tengjumst laginu á dýpri hátt en ella.

Hugtök úr aðferð Kodálys, söngheiti og rytmaorð þar á meðal, eru víða notuð í tónfræði og tónheyrnarkennslu á Íslandi. Til þess að gera efnið aðgengilegt sem flestum - óháð kennsluaðferð - valdi ég að gera notkun þeirra ekki að skilyrði en að sjálfsögðu má nota þau sem hjálpartæki þar sem það á við, sérstaklega þar sem nemendur hafa lært að að syngja á söngheitum og nota rytmaorð við ákveðin nótnagildi.


Eins og í Colour Strings aðferðinni og aðferð Kodálys nota ég þjóðlögin til þess að kynna og kenna nýja tækni og hugtök. Raddirnar eru getuskiptar þannig að allir nemendur á grunnstigi geta leikið með frá upphafi náms. Hægt er að sjá fyrir sér eftirfarandi námsferil frá upphafi hljóðfæranáms til loka grunnstigs og jafnvel inn í miðstig:

- Lagið sungið
- Fylgirödd 1 (lausir strengir og einfaldar fingrasetningar)
- Laglína
- Fylgirödd 2
- Fylgirödd 3 og /eða spunarödd

Hvert stig krefst síaukinnar færni og sjálfstæðis af hendi nemenda. Það fellur undir hugmyndafræði aðferðar Kodálys þar sem ávallt er unnið frá hinu einfalda til hins flókna og ný færni sífellt byggð á fyrri þekkingu.

Mestar kröfur til sjálfstæðra vinnubragða og virkni nemenda gera spunaraddirnar sem fylgja tveimur útsetninganna. Þar gef ég nemendum tónefni til að styðjast við og hjálpa þeim þannig til að stíga út fyrir þægindarammann í takt við kenningar Vygotskys um vinnupalla⁴ (Neumann, 2006).

Til þess að nemendur tengi við efnið legg ég mesta áherslu á að þeir læri að syngja sjálfa laglínuna og textann sem fylgir henni en að sjálfsögðu er hægt að nota sömu aðferð til að læra fylgiraddirnar. Hljóðskrár fylgja öllum röddum og nemendur geta hlustað á þær með nótunum sínum og sungið með. Það er erfitt að spila eitthvað vitlaust sem maður getur sungið rétt.



4 e. *scaffolding*, aths. höf.

3. Íslensk þjóðlög, saga og sérkenni

Í þessum kafla fjalla ég um tónheim íslenskra þjóðlaga og stikla á stóru um varðveislusögu þeirra. Ég segi frá íslensku tónlistarfólki sem nýtt hefur þjóðlagarfinn í eigin tónsmíðum og tónsköpun og fer yfir notkun hans í tónlistarskólum hérlandis með sérstakri áherslu á aðgengi að þjóðlagatengdu námsefni ætlað strengjanemendum.

3.1 Tónheimur íslenskra þjóðlaga.

Tónheimur íslenskra þjóðlaga er um margt sérstakur en hann byggir á fornum tóntegundum og sönghefðum sem varðveittust á Íslandi vegna einangrunar landsins á meðan önnur lönd í Evrópu fóru í gegnum stórtækar breytingar og þróun á tónlistarsviðinu (Bjarni Þorsteinsson, 2008). Þökk sé rímnakveðskapnum sem kveðinn var fólki til skemmtunar og dægurstyttingar nær óbreytt á Íslandi frá 14. öld og fram á okkar daga varðveittist kveðskaparlistin meðal alþýðufólks í munnlegri geymd og þar með kvæðalögin sem kvæðafólkið notaði við flutninginn (Njáll Sigurðsson, 2004 og Guðmundur Andri Thorsson, 2004). Íslensk þjóðlagatónlist er öðru fremur sönglist enda var ekki um auðugan garð að gresja í hljóðfæraeign landsmanna allt fram á 19. öld þegar harmóníum og pípuorgel og síðar píanó, harmonikur, fiðlur, gítarar og ýmis blásturshljóðfæri fóru að berast til landsins. Þau hljóðfæri sem alþýðufolk hafði haft aðgang að fram að því voru einkum íslensk fiðla og langspil en þau hljóðfæri henta betur til undirleiks við söng en síður til að leika undir dansi (Stefán Valmundsson, 2009). Tengsl íslenskrar þjóðlagatónlistar við kveðskaparlistina gera það að verkum að tónlistin er oft lýsandi fyrir texta laganna og gefur það þeim aukna dýpt og merkingu. „Í kvæðalögunum speglast taktur aldanna í verklagi fólks, í þeim má kenna áralag, rokkhljóð og strokkljóð“ (Guðríður B. Helgadóttir, 2018, bls. 36). Lögin eru okkar þjóðarspegill.

Í grein sinni um íslenskt tónlistareðli sem vitnað var í í fyrsta kafla tekur tónskáldið Jón Leifs saman einkenni íslenskrar þjóðlagatónlistar og segir þau eftirfarandi: Þröngt tónsvið, endurteknar nótur, stökk án tengitóna, stækkuð tónbil, notkun kirkjutóntegunda, skreytingar, fimmundasöngur og síbreytilegur hrynur rímnalaganna þar sem hljóðfallið stýrist af textanum (Jón Leifs, 1922, bls. 131-136). Að mati Jóns eru þjóðlögin stórkostlegur efniviður sem búa yfir ótakmörkuðum möguleikum hljóðfalla og tóna- og hljómasambanda og þroskunarmöguleikarnir því óendanlegir (Jón Leifs, 1922). Þessi tónheimur kemur hvergi betur í ljós en í rímnalögunum; kvæðalögum og stemmum sem

eru sennilega það sem flestir Íslendingar tengja við þjóðlega tónlist. Hægt er að skipta þessum lögum í tvo flokka: Hin eiginlegu *rímnalög* sem notuð eru þegar kveða skal langa rímnabálka og svo *kvæðalög* sem tilheyra stuttum vísum eða vísnaflokkum. Þau fyrrnefndu eru fremur einföld að uppbyggingu en kvæðamaðurinn setur sinn svip á lögin „með dynamiskum kunstum, hljómbreytingum, áherslum, slögum, trillum og öllum þeim tilbreytingum, sem raddfærin leyfa, [...]“ svo vitnað sé í Benedikt Jónsson á Auðnum, annan þjóðlagasafnara og samtímamann Bjarna Þorsteinssonar (Njáll Sigurðsson, 2004, bls 24). Þau síðarnefndu líkjast meira hefðbundnum sönglögum og lærast þannig mann fram af manni án mikilla breytinga. Dæmi um slík lög eru til dæmis *Krummi svaf í klettagjá* og *Hani krummi, hundur, svín* sem bæði eru að finna í útsetningunum. Fornar tóntegundir, samstíga fimmundir og taktskipti einkenna langflest þessara laga og bragarháttur kvæðanna hefur bein áhrif á rytma og uppbyggingu þeirra.

3.2 Varðveisla og nýting þjóðlagaarfsins

Eins og víða annars staðar í Evrópu hófst skipuleg söfnun íslenskra þjóðlaga um miðja 19. öld. Enginn safnari afkastaði á við Bjarna Þorsteinsson (1861-1938), tónskáld og prest á Siglufirði en þjóðlagasafn hans Íslensk þjóðlög sem gefið var út á árunum 1906-1909 er umfangsmesta safn sem til er um íslensk þjóðlög, nærri 1.000 síður að lengd. Í bókinni er þjóðlögum skipt í flokka eftir því hvaðan Bjarni sótti lögin. Helstu heimildir hans voru handrit varðveitt á Íslandi og í Danmörku og svo munnleg geymd en alls eru lögin sem safnað var úr munnlegri geymd 603 talsins (Pétur Húni Björnsson, 2019).

Með tilkomu upptökutækninnar um aldamótin 1900 gjörbreyttist aðstaða til söfnunar og varðveislu þjóðlaganna (Njáll Sigurðsson, 2004). Bæði fóru þá þjóðlagasafnarar um hérað með upptökutæki en einnig stóð kvæðamannafélagið Iðunn fyrir upptökum þar sem valið kvæðafólk kvað lagboða úr safni félagsins, fyrst inn á silfurplötur (1935-1936) og seinna segulbönd (1962-1964). Þessar upptökur voru endurútgefnar nýlega, Silfurplötur Iðunnar árið 2004 og Segulbönd Iðunnar árið 2018 og eru ómetanlegar heimildir um íslenska tónlist, munnlega geymd og fjölbreyttan flutningsmáta. Allar þessar upptökur má nálgast á vef kvæðamannafélagsins Iðunnar, www.rimur.is.

Á vefnum www.ismus.is má finna mjög mikið af efni, fyrrnefnt þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinssonar og ýmis handrit og hljóðrit frá fólki um land allt, þar á meðal hljóðrit Jóns Leifs og fleiri safnara sem gerð voru á vaxhólka og varðveitt eru hjá Stofnun Árna

Magnússonar. Þjóðlagasafnið á Siglufirði heldur úti vefsíðu og útgáfu og gaf meðal annars út dvd diskinn *Raddir Íslands* árið 2009 um íslensk þjóðlög og þjóðdansa.

Undanfarin ár hefur áhugi á íslenskri þjóðlagatónlist farið vaxandi, ekki síst á meðal yngra fólks. Félagasamtök á borð við Kvæðamannafélagið Iðunni, Vökufélagið og Þjóðlagasetrið á Siglufirði iðka kveðskaparlistina og standa reglulega fyrir hátíðum og viðburðum fyrir alla aldurshópa, þar sem árlega *Þjóðlagahátíð* á Siglufirði ber hæst. Tónlistarmenn úr ýmsum áttum hafa sótt bæði efni og innblástur í arfinn með góðum árangri og þegar þetta er ritað eru starfandi margir tónlistarmenn og hópar sem vinna með íslensk þjóðlög og kveðskap á fjölbreyttan hátt. Má þar nefna sem dæmi Spilmenn Ríkínís, gítarleikarann Ásgeir Ásgeirsson, Kammerhópin ReykjavíkBarokk, Þjóðlagahópin Gadus Morhua, Umbra ensemble, þjóðlagatvíeykið Funa, hljómsveitina Skálmöld og systkinin Ragnheiði og Hauk Gröndal. Þá eru ótalin þau fjölmörgu tónskáld sem hafa unnið með þjóðlagaarfinn í verkum sínum stórum og smáum en tónskáldin Jón Leifs, Jórunn Viðar, Jón Ásgeirsson, Þorkell Sigurbjörnsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Bára Grímsdóttir, Snorri Sigfús Birgisson, Gunnsteinn Ólafsson og Hallgrímur Helgason eru allt góð dæmi um það.

Það hefur þó ekki alltaf verið svo að íslenskir tónlistarmenn og Íslendingar almennt hafi verið sammála um gildi þjóðlagaarfsins. Þvert á móti þótti hann ekki mikils virði þegar Íslendingar fóru fyrst að bera íslenska menningu saman við menningu annarra þjóða. Íslensk þjóðlagatónlist þótti þá gamaldags og „ókúltiveruð“ og ekki standast samanburð við erlenda „kústmúsík“. Það þurfti aðflutta, útlenska tónlistarmenn til að sýna Íslendingum fram á hverslags efnivið þeir voru með í höndunum. Margir þeirra nýttu sér íslenska þjóðlagatónlist í eigin tónsköpun og varð það íslenskum kollegum þeirra hvatning til að gera slíkt hið sama (Pétur Húni Björnsson, 2019). Sem betur fer er það liðin tíð að Íslendingar fyrirverði sig fyrir þjóðararfinn. Sú nýsköpun sem hefur verið við lýði undanfarna áratugi, þvert á tónlistarstíla, hefur þvert á móti stuðlað að varðveislu þjóðlaganna og vakið athygli á möguleikunum sem felast í þessum einstaka efnivið.

3.3. Íslenskur þjóðlagaarfur sem námsefni í tónlistarskólum

Í ljósi aukins áhuga á íslenskri þjóðlagatónlist og grósku í útgáfumálum fannst mér áhugavert að kanna framboð á þjóðlagatengdu námsefni í íslenskum tónlistarskólum og þá sérstaklega með tilliti til efnis ætlað nemendum á strengjahljóðfæri.

Í skýrslu um könnun sem SÍTÓN (Samband íslenskra tónbókaútgefenda) lét gera um framboð og notkun íslensks kennsluefnis í tónlistarskólum skólaárið 2016-2017 kemur fram að mikill munur er á notkun íslensks kennsluefnis eftir hljóðfærum. Þannig kváðust 92% þeirra píanókennara sem svöruðu könnuninni nota eitthvað íslenskt efni í sinni kennslu en af þeim 14 ritum sem fiðlukennarar sögðust nota voru aðeins þrjú íslensk (Gylfi Garðarsson, 2016, bls. 12 og 18). Þetta misræmi skýrist líklega af framboði á námsefni en töluvert hefur verið gefið út af íslensku námsefni fyrir píanó á undanförunum árum og áratugum á meðan mun minna hefur verið um slíka útgáfu fyrir strengi. Höfundar píanónámsefnis hafa sótt innblástur í þjóðlagaarfinn og af nýlegum þjóðlagaútgáfum sem henta píanónemendum á grunnstigi má til dæmis nefna: *Íslensk þjóðlög: útsetningar fyrir nemendur í grunnámi* eftir Þórarinn Stefánsson (2016) og *Sjö íslensk þjóðlög fjórhent fyrir píanó* eftir Vilberg Viggósson (2010). Í sömu könnun kom fram að kennarar notuðu gjarnan íslensk þjóðlög í samspilskennslu og þá yfirleitt í kórútsetningum, eigin útsetningum eða leikin eftir eyra. Algengast var að kennarar notuðu eigin útsetningar en 41% svarenda sögðust gera eigin útsetningar fyrir þá samspilshópa sem þeir höfðu umsjón með (Gylfi Garðarsson, 2017, bls. 10).


Sé rýnt í greinanámsskrá fyrir strokhljóðfæri er mjög lítið um íslenska tónlist í viðmiðunarlista grunnáms. Aðeins er minnst á tvær þjóðlagaútsetningar, báðar eftir Hafliða Hallgrímsson og svo *Fyrstu fiðlugripin og lögin 1 og 2* eftir Gígju Jóhannsdóttur (1988) en í skapandi hluta námsskrárinnar er tekið fram að vel megi læra þjóðlög eftir eyra (Aðalnámsskrá, 2001). Vert er að geta þess að námskráin er frá 2001 og hafa nokkrar bækur bæst við síðan þá, þar á meðal *Fiðlufími* eftir Sigurlínu Jónsdóttur og Michael Jón Clarke (2007) og safnbækur fyrir C hljóðfæri á borð við *Sönglög okkar* (2008) og *Melodi Nord* (2013) eftir Jón Aðalstein Þorgeirsson, *Jólaögin mín* (2013) eftir Össur Geirsson og *Tónvís* (2018) eftir Sigursvein Magnússon en í þeim bókum er að finna þjóðlagatengt efni skrifað út eða útsett fyrir strengjahljóðfæri. Áhugasamir strengjakennarar geta einnig fundið íslensk þjóðlög á nótum í söngheftum og söngvasöfnum fyrir kóra, námsefni fyrir grunn- og leikskóla og á vef íslenskrar tónverkamiðstöðvar, www.mic.is þar sem finna má talsvert magn af útsetningum á íslenskum þjóðlögum, aðallega fyrir kóra, einsöng með píanóundirleik og einsöng með blönduðu samspili hljóðfæra. Útsetningar eingöngu fyrir strengjahljóðfæri eru aftur á móti miklu færri og oftast skrifaðar fyrir lengra komna nemendur eða atvinnumenn. Á vef tónverkamiðstöðvarinnar fann ég aðeins níu verk

skrifuð fyrir strengjahljóðfæri, sum í nokkrum þáttum, sem gætu hentað grunnstignemendum út frá viðmiðum aðalnámsskrár.

Niðurstaðan er sú að framboð á þjóðlagatengdu efni fyrir strengjahljóðfæri er fremur lítið og dreift, oft þarf að aðlaga það efni sem í boði er og lítið er um samspilsútsetningar sem henta yngstu aldurshópunum aðrar en þær sem kennarar gera sjálfir og gefa ekki út nema til eigin nota.

Kennarar sem hafa bakgrunn í og áhuga á þjóðlagatónlist hafa margir ofið þjóðlagaarfinn á fjölbreyttan og skapandi hátt inn í sína kennslu (Kristín Lárusdóttir, munnleg heimild, 3. desember 2019) og sum staðar hafa verið starfræktar þjóðlagasveitir í tengslum við tónlistarskóla en þekktust þeirra er Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi sem nú ber heitið Slitnir strengir (Slitnir strengir, 2021). Það virðist því vera háð áhugasviði, þekkingu og styrkleikum hvers kennara og áherslum hvers skóla hvort nemendur fá tækifæri til að vinna með þjóðlagaarfinn í sínu tónlistarnámi.

Mér finnst mikilvægt að allir nemendur í íslenskum tónlistarskólum kynnist þjóðlagaarfinum og læri að nýta sér hann. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að auka framboð á hentugu og aðgengilegu námsefni. Þjóðlögin tengja okkur áþreifanlega við fortíð okkar og sögu og veita nemendum innsýn inn í íslenska menningu óháð uppruna. Lítum óhrædd í þjóðarspegilinn með nemendum okkar og uppgötvum fjársjóðinn sem þar er að finna. Svo vitnað sé í Jón Leifs, þá eru þroskunarmöguleikarnir óendanlegir (Jón Leifs, 1922).



4. kafli. ARFURINN – undirbúningsferlið

Gott námsefni þarf að taka mið af þörfum kennara og nemenda, bæði hvað varðar efnistöð og uppsetningu. Mér fannst mikilvægt að vinna námsefnið ekki í faglegu tómarúmi og leitaði því víða heimilda. Ég fór yfir mikið magn af innlendu og erlendu námsefni og útsetningum af ýmsu tagi til að leita innblásturs og fyrirmynda. Einnig tók ég viðtöl við kollega mína í strengjakennarastétt til þess að fá betri hugmynd um hvaða nálgun myndi nýtast þeim og nemendum þeirra best. Í fjórða kafla fer ég yfir þetta undirbúningsferli og segi frá því hvaða áhrif það hafði á lokaafurðina.

4.1 Viðtöl við kennara

Til þess að greina þörf fyrir nýtt námsefni og fá hugmyndir um heppileg efnistöð, nálgun og framsetningu tók ég átta viðtöl við tónlistarkennara víðsvegar af landinu sem vinna með eða hafa unnið með strengjasamspil. Ekki var um eiginlega rannsókn að ræða en þó studdist ég við aðferðafræði eigindlegra rannsókna. Hér á eftir fjalla ég um undirbúning og framkvæmd viðtalanna, hvernig ég vann úr upplýsingum og segi frá niðurstöðum sem ég nýtti í vinnu við útsetningarnar.

4.1.1 Viðmælendur og framkvæmd viðtala

Viðmælendur voru valdir vegna reynslu sinnar af því að stjórna samspilshópum og strengjasveitum þar sem þurft hefur að útsetja og aðlaga námsefni breiðum nemendahópi. Ég hafði samband við tíu kennara og átta komu í viðtal, ég fékk ekki svar frá einum og annar hafði ekki tök á að veita viðtal vegna persónulegra aðstæðna. Fjórir viðmælendur komu af höfuðborgarsvæðinu, einn af Suðurlandi, einn af Vesturlandi, einn af Austurlandi og einn af Norðurlandi. Ég þekki alla viðmælendur persónulega nema einn og við höfum mörg unnið saman, bæði á sviði kennslu og sem flytjendur tónlistar. Viðmælendur mínir voru mjög jákvæðir gagnvart viðtalinu og ég hafði á tilfinningunni að þau tækju því fagnandi að fá að ræða störf sín, aðstæður og áherslur.

Viðtölin fóru ýmist fram á kaffihúsum, í húsnaði tónlistarskóla, á fjarfundi eða í síma, allt eftir því hvað hentaði viðmælendum mínum best. Viðtölin fóru fram á löngu tímabili, allt frá miðjum október 2019 til nóvemberloka 2020. Viðmælendur eru nafnlausir og rek ég

ekki svör til einstakra viðmælenda í þessari greinargerð enda skiptir það ekki máli fyrir niðurstöður viðtalanna.

4.1.2 Aðferðafræði og form viðtalanna

Ég notaðist við hálfstöðluð (*e. semi-structured*) viðtöl, eigindlega rannsóknaraðferð þar sem athygli beinist að afmörkuðum fyrirfram ákveðnum þemum án þess að innihald og form samræðnanna sé ákveðið að öðru leyti (Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, 2019). Ég gerði spurningalista (sjá viðauka) um það sem ég vildi fá vitneskju um, sem var að fræðast um upplifun viðmælenda og reynslu af kennslu samspils, notkun þjóðlaga í kennslu og skoðanir á uppsetningu og efnistöfum námsefnis. Spurningalistinn hjálpaði mér að afmarka viðtölin þar sem samræðurnar voru mjög frjálslugar og fóru um víðan völl. Ég gætti þess að gefa viðmælendum mínum ráðrúm til að segja það sem þeim lá á hjarta og stýrði viðtalinu svo aftur í farveg með því að spyrja spurninga af spurningalistanum, spyrja nánar um óvissuatriði og umorða svör viðmælenda minna til að vera viss um að ég hefði skilið þau rétt (Brinkmann og Kvale, 2015).

Ég tók viðtölin upp á zoom tæki eða á tölvuna mína og skrifaði hjá mér glósur í spurningalistann á meðan á þeim stóð ef eitthvað sérstakt vakti athygli mína. Að viðtali loknu hlustaði ég á upptökuna og tók saman svör viðmælenda við spurningunum sem ég lagði til grundvallar viðtalinu og eins önnur atriði sem komu fram og mér fannst skipta máli fyrir verkefnið. Ég tók meðvitaða ákvörðun um að rita viðtölin ekki upp orð fyrir orð þar sem þau voru flest mjög löng, sum meira en klukkutími og samræðurnar fóru gjarnan út fyrir efnið eins og oft gerist þegar kollegar ræða saman sem ekki hafa heyrst lengi. Að viðtölum loknum bar ég saman svörin og leitaði að sameiginlegum lykilorðum og þemum. Að síðustu dró ég saman niðurstöður sem ég notaði sem leiðarstef við undirbúning, efnistöf og uppsetningu útsetninganna (Brinkmann og Kvale, 2015).

4.1.3 Greining og niðurstöður

Við úrvinnslu gagna einbeitti ég mér fyrst og fremst að þeim upplýsingum sem myndu gagnast mér best við undirbúning og vinnslu verkefnisins. Ég flokkaði svör viðmælenda minna eftir þemum sem ég byggði annars vegar á spurningalistanum og hins vegar á atriðum sem komu upp í samræðum okkar og mér þótti skipta máli fyrir verkefnið.

Þemunum skipti upp eftir uppsetningu annars vegar og efnistöfum hins vegar eins og sést á eftirfarandi töflum:

Tafla 1: Uppsetning

Efni	Form	Útlit
Raddskrá – heil og einfölduð	Vefsíða	Vanda uppsetningu
Allir partar útskrifaðir	Pdf til niðurhals og útprintunar	Nótur þurfa að vera læsilegar og áferðarfallagar
Hljóðskrár	Mp3 form á hljóðskrá	Skipta línunum eftir frösunum

Tafla 2: Efnistöf

Lagaval	Tækni- og tónlistarleg þemu	Söngur
Nýtt í bland við gamalt/ þekkt í bland við óþekkt	Tæknilegt og tónlistarlegt þema í hverju lagi	Syngja fyrst, spila svo
Þjóða líka upp á lög sem krakkarnir spila ekki dags daglega	Upphitunaræfingar sem taka mið af tækninni/ tónlistinni í hverju lagi, ath tengsl við tónfræði	Flytja útsetningarnar með barnakór og spila fylgiraddir með
Tengja lög tilefnum og árstíðum	Nota möguleika hljóðfæranna til hins ítrasta	Nótur með texta fylgi öllum lögum
Huga að fjölbreytileikanum	Spuni, hvað er hægt að gera með tónefni	Hafa lögin í söngvænum tóntegundum, ath. tónsvið
Hafa með sögu lagsins, hver skráði og eftir hverjum	Einfalt yfir í flókið, byrja einfalt og vaxa	
Líkja eftir stemmningunni úr gömlum upptökum	Möguleiki á blönduðu samspili	

Það var mjög áhugavert að sjá hversu margir viðmælenda minna töluðu um sömu hlutina og á svipuðum nótum. Allir voru sammála um að það væri æskilegt að nota þjóðlagatónlist meira og markvissar í tónlistarkennslu og að það vantaði hentugt námsefni fyrir hópa á blönduðu getustigi. Allir voru mjög jákvæðir gagnvart því að syngja lögin áður en þau væru spiluð og fannst mikilvægt að gæta að fjölbreyttu lagavali og blanda saman vel þekktum og minna þekktum lögum. Allir voru sammála um að netútgáfa væri lang besta lausnin. Ábendingarnar sem ég fékk í viðtölunum um efnistöf og uppsetningu hjálpuðu mér mikið við undirbúning verkefnisins. Eitt viðtalið skar sig úr hvað skapandi þáttinn varðaði en það varð til þess að ég ákvað að hafa spuna með í útsetningunum og leggja meiri áherslu á fjölbreytta strengjatekni og leikmáta en ég lagði upp með í upphafi. Þannig höfðu viðtölin úrslitaáhrif á innihald, efnistöf og uppsetningu efnisins.

4.2 Námsefni

Þegar unnið er að gerð nýs námsefnis er nytsamlegt að skoða eldra námsefni af svipuðum toga til þess að fá hugmyndir og innblástur. Ég skoðaði mjög mikið af innlendu og erlendu þjóðlagaefni, bæði námsefni sem sérstaklega er skrifað fyrir nemendur og svo efni sem hægt er að nota í kennslu þó það sé ekki búið til með kennslu í huga. Í þessum kafla fjalla ég um valið efni sem hafði bein áhrif á vinnuferlið, uppsetningu og innihald verkefnisins.

4.2.1 Íslenskt efni byggt á þjóðlögum

Eins og fram kom í þriðja kafla er framboð á þjóðlaganámsefni sem sérstaklega er skrifað fyrir strengi á grunnstigi fremur lítið og dreift. Til þess að fá betri hugmynd um efnistöð og framsetningu þess efnis sem í boði er skoðaði ég því íslenskar útsetningar, námsefni og lagasöfn með þjóðlagatengdu efni sem hægt er að nota með nemendum á grunnstigi. Hér segi ég frá þeim útsetningum og útgáfum sem höfðu bein áhrif á verkefnið að einhverju leyti.

Hildigunnur Rúnarsdóttir: *Ljósið kemur langt og mjótt* fyrir unga strengjaleikara (1999)

Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld hefur unnið mikið með íslenskan þjóðlagaarf í sínum tónsmíðum. Þessa útsetningu á þjóðlaginu *Ljósið kemur langt og mjótt* gerði Hildigunnur fyrir strengjanemendur. Útsetningin er þannig upp sett að fyrsta fiðla og selló skiptast á að spila laglínu og orgelpunkt (G). Önnur fiðla spilar spennandi fylgirödd á móti sem gerir meiri kröfur til spilaranna en laglínan.

Þessi útsetning er gott dæmi um hvernig hægt er að útsetja einfalt lag fyrir nemendur á mismunandi getustigi. Hún er líka dæmi um hvernig hægt er að aðlagða útsetningu blönduðu samspili en árið 2012 fékk ég leyfi tónskáldsins til að skipta 2. fiðlu út fyrir gítarsveit í atriði Strengjasveitar B á svæðistónleikum Nótunnar í Reykjanesbæ. Það kom mjög vel út.

Porkell Sigurbjörnsson: *Fiðlufrænkur*, útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir tvær fiðlur (2002)

Porkell Sigurbjörnsson tónskáld sótti mikið innblástur í íslensk þjóðlög. Eftir hann liggja um 100 útsetningar á íslenskum þjóðlögum (Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir, 2015) og eru

Fiðlufrænkur eitt þeirra verka. Verkið er skrifað fyrir tvær fiðlur og samanstendur það af útsetningum á þjóðlögnum Ísland farsælda Frón, Yfir kaldan eyðisand, Dýravísur, Sumri hallar, Kvöldu tekur, Ólafur reið með björgum fram, Krumminn á skjánum og Björt mey og hrein. Útsetningarnar eru fremur látlausar og laglínan er ávallt í fyrirrúmi. Fylgiröddina notar Þorkell til að undirstrika kjarna lagsins og stemmninguna sem í því er. Sem dæmi má nefna útsetninguna að Kvöldu tekur, en þar leikur 2. fiðla laglínuna í heild sinni áður en fyrsta fiðla tekur við og leikur hana áttund ofar, nú með undirleik 2. fiðlu. Þó fylgiröddin sé oft spennandi er hún aldrei yfirþyrmandi.

Þessar útsetningar eru gott dæmi um það hvernig lagið sjálft er látið stjórna ferðinni við útsetningarnar.

Jón Aðalsteinn Þorgeirsson: *Sönglögin okkar*, 100 íslensk sönglög fyrir strengja og blásturshljóðfæri (2008)

Sönglögin okkar er safn 100 vinsælla íslenskra sönglaga sem hafa verið aðlöguð að hljóðfæraleik. Tilgangur safnsins er að stuðla að auknum flutningi íslenskrar tónlistar og að gefa heildarsýn yfir íslenska sönglagahefð frá upphafi og fram til okkar daga. Safnið er mjög fjölbreytt en þar koma fyrir þjóðlög, dægurlög, sálmar, sígild lög og svo erlend lög sem hafa orðið vinsæl með íslenskum texta. Öllum lögum fylgja bókstafshljómar (Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, 2008). Í safninu er að finna 16 íslensk þjóðlög, mikið til kvæðalög. Mörg laganna eru lög sem sungin eru á leikskólum og í skólum, svo sem Krummi krunkar úti, Krummi svaf í klettagjá, Þorraþrællinn og Sá ég spóa. Tóntegundirnar eru yfirleitt bæði söngvænar og þægilegar fyrir hljóðfærin.

Þessi útgáfa er dæmi um efni sem gagnast vel í kennslu. Bókin er aðgengileg, nóturnar fremur stórar, lagavalið fjölbreytt og bókstafshljómar auðveldar kennaranum að leika undir hjá nemandanum. Ég hefði þó gjarnan viljað hafa texta prentaðan við lögin til þess að styrkja tenginguna við uppruna laganna.

Þórður Magnússon: *Meyjarmissir* fyrir strengjasveit Tónskóla Sigursveins

Í leit minni að íslenskum þjóðlagaútsetningum fyrir strengjanemendur kom ég víða við, meðal annars á bókasafni Menntaskóla í tónlist þar sem Sesselja Halldórsdóttir ræður ríkjum. Hún benti mér á strengjasveitarútsetningu á laginu Meyjarmissi (Björt mey og

hrein) eftir Þórð Magnússon. Ég hafði samband við Þórð og hann veitti mér góðfúslega aðgang að útsetningunni. Útsetning Þórðar er að vísu ætluð nemendum á miðstigi og ofar en ég lærði margt af því að skoða hana. Sérstaklega fannst mér áhugavert hvernig Þórður notar hljóma og samstíga tónbil til að lita laglínuna sem ávallt er í forgrunni.

Þessi útsetning er dæmi um hvernig hægt er að hljómsætja lag með spennandi, þykkum hljómunum án þess að týna kjarna þess.

Ásgeir Ásgeirsson: *Íslensk þjóðlög* (2020)

Gítar- og strengjaleikarinn Ásgeir Ásgeirsson hefur á undanförunum árum unnið að því að tengja tónmál íslenskrar þjóðlagatónlistar tónlist fjarlæggra landa, þar á meðal Búlgaríu, Tyrklands og Íran. Hann hefur gefið út þrjár plötur í samstarfi við tónlistarmenn frá þessum löndum, *Two sides of Europe* (2017), *Travelling through cultures* (2018) og *Persian Path* (2020) sem allar eru aðgengilegar á streymisveitum. Árið 2020 kom út nótnasafn/námsefni með útsetningum Ásgeirs sem ber heitið *Íslensk þjóðlög* (Ásgeir Ásgeirsson, 2020). Útsetningar Ásgeirs eru hreint út sagt frábærar, hugmyndaauðgin ótrúleg og mjög gaman að sjá hvernig tónheimar ólíkra landa fléttast saman í eina heild. Útsetningarnar eru skrifaðar rytmískt, það er laglína með bókstafshljómum og leiðbeiningum. Því þarf að kunna á það viðmót til að geta nýtt sér efnið svo vel sé. Bókinni fylgja ítarefni og æfingar um tónstiga Austurlanda, skraut og oddatölutakttegundir.

Það sem ég lærði helst af útsetningum Ásgeirs er óttaleysi. Hann er óhræddur við að setja íslensk þjóðlög í oddatölutakttegundir, hljómsætja þau í austurlenskum tóntegundum og skreyta þau á ýmsan hátt, allt án þess að kjarni lagsins tapist.

Charles Ross: *Villitíð, tónlistarævintýri á evrópskum karnivölum* (2019)

Villitíð, tónlistarævintýri á evrópskum karnivölum er nýtt námsefni eftir hljóðfæraleikarann, tónskáldið og tónlistarkennarann Charles Ross sem búsettur hefur verið á Íslandi um árabil. Námsefnið fjallar um hina villtari hlið evrópskar þjóðlagatónlistar sem á rætur sínar að rekja til forneskju, hjátrúar, heiðinna siða og hátíða (Charles Ross, 2019). Villitíð er mjög skemmtileg bók. Hún er mikið myndskreytt og fjallað er ítarlega um uppruna tónlistarinnar og samfélagið sem hún sprettur úr. Námsefnið hvetur til tilraunastarfsemi með lögin og tónefnið og nálgast tónlistina á mjög skapandi

hátt. Bókin er gefin út sem netbók af Warén Music og henni fylgja hljóðskrár af öllu efni bókarinnar. Auðvelt er að prenta út það efni sem maður vill nota í það skiptið en þar sem hljóðskrárnar eru ekki tengdar efninu beint getur verið flókið að finna viðeigandi hljóðskrá.

Villitið sýndi mér öðru fremur fram á það hvernig vitneskjan um uppruna laganna og hvað þau fjalla um hefur áhrif á og dýpkar alla upplifun okkar af tónlistinni. Mér fannst líka gaman að sjá hvernig hægt er að nálgast efnið á skapandi hátt og breyta og auka við lögin frá eigin brjósti.

4.2.2 Norræn þjóðlög og þjóðlaganámsefni fyrir strengjanemendur

Ég starfaði í Noregi um sex ára skeið og kynntist þar *spillemann* (sænska: spelman; finnska: pelimanni) hefðinni sem enn lifir góðu lífi á Norðurlöndum. Stór hluti norrænnar þjóðlagatónlistar er danstónlist, gjarnan flutt á strengjahljóðfæri og *spillemenn* eru stakur hljóðfæraleikari eða nokkrir saman sem bera uppi heilan dansleik. Í Noregi eru víða starfræktar þjóðlagasveitir sem kallast *spillemannslag* og eru vettvangur fyrir alla hljóðfæraleikara sem hafa áhuga á að spila þjóðlagatónlist. Sams konar sveitir er að finna á hinum Norðurlöndunum. Mikil gróska er í þjóðlagatónlist á Norðurlöndum, hægt er að læra þjóðlagatónlist á háskólastigi í tónlistarháskólum og margt tónlistarfólk nýtir sér þjóðlagaarfinn í sinni tónsköpun.

Strengjahljóðfæri, einkum fiðlur, eru áberandi í norrænni þjóðlagatónlist og hún hentar vel til strengjakennslu. Lögin eru gjarnan í þægilegum tóntegundum fyrir strengi og auðvelt að útsetja þau fyrir fleiri en einn spilara á mismunandi getustigum. Það er því er mikið til af námsefni byggðu á norrænni þjóðlagatónlist og eins eru útgáfur og rafræn nótnasöfn á vegum áhugafélaga og þjóðlagasveita notaðar í kennslu.

Í þessum kafla fjalla ég stuttlega um námsefni og annað efni fyrir strengi, bæði útgefið á bók og á veraldarvefnum sem ég hef sótt innblástur í við gerð verkefnisins. Sumt hef ég notað sjálf, annað hefur mér verið bent á af norrænum kollegum með inntak verkefnisins í huga.

4.2.2.1 Bækur og útsetningar

Kollegar mínir á Norðurlöndum bentu mér á mikið af efni sem gæti nýst við gerð verkefnisins. Hér á eftir segi ég frá bókum og öðru efni sem hafði bein áhrif á verkefnið.

Noregur: Vegard Vårdal: *Folkemusikk for unge strykere: Slåtter fra Oslofjorden* (2019)

Folkemusikk for unge strykere var mér mikilvægur innblástur við undirbúning námsefnisins. Samkennari minn við tónlistarskólann í Nittedal í Noregi, Cathrine Rossbach Heier benti mér á þessa bók og þegar ég fékk hana í hendur í desember 2020 fékk ég staðfest að hugmyndir mínar gætu gengið upp. Í bókinni eru sjö útsetningar á norskum þjóðlögum fyrir nemendastrengjasveit eftir norska strengjakennarann Vegard Vårdal sem gert hefur þjóðlagaútsetningar fyrir unga strengjaleikara um margra ára skeið.

Útsetningarnar eru allar eins upp byggðar; laglína er studd nokkrum fylgiröddum sem gera ráð fyrir fjölbreyttu getustigi nemenda. Hverju lagi fylgja kennsluleiðbeiningar þar sem fjallað er um sögu lagsins, útsetninguna sjálfa og möguleg tilbrigði í flutningi. Vårdal stingur auk þess upp á undirbúningsæfingum við nokkrar útsetninganna sem tengjast tækniatriðum og kennslufræðilegum markmiðum útsetninganna. Þau lög sem hægt er að syngja við texta eru birt með texta í bókinni. Hverju lagi fylgir heil og einfölduð raddskrá auk allra radda útskrifaðra. Hægt er að hlusta á lögin í vönduðum flutningi hljóðfæraleikara og söngvara á streymisveitunni Spotify:

<https://open.spotify.com/album/0GJlwHataxVg7iYOU9roOO?si=YRQIekHcRNeAc4wMzUU4ow>

Mörg þessara atriða höfðu þegar ratað í mínar eigin útsetningar og meðfylgjandi efni og það var gaman að sjá hvernig þau litu út á prenti. Annað fannst mér sniðugt og ég bætti til dæmis tilbrigðum við útsetninguna við verkefnið að fyrirmynd Vårdals. Þó var margt ólíkt með sjálfum útsetningunum. Hjá Vårdal er mikil fiðluslagsíða á þeim, fiðlurnar fá iðulega laglínuna og komi hún fyrir í öðrum hljóðfærum er henni oftar en ekki skipt niður. Eins eru mismargar raddir skrifaðar út fyrir hvert hljóðfæri, fjórar fiðluraddir, tvær víóluraddir, tvær sellóraddir og aðeins ein rödd fyrir bassa. Ég legg hins vegar áherslu á að skrifa allar raddir út svo hægt sé að leika þær á öll strengjahljóðfæri.

Noregur: Asbjørg Haugan og Ragnhild Endseth Hagerup: *Fiolinslåtteboka* (2017)

Fiolinslåtteboka kynntist ég fljótlega eftir að ég hóf kennslu í Noregi enda var hún mikið notuð við þá skóla og þær strengjasveitir sem ég kenndi við. Bókin er safn danslaga eða *slátta* (n. *slåtter*) sem útsett eru fyrir tvö til þrjú strengjahljóðfæri. Raddirnar eru í þægilegum tóntegundum fyrir strengjahljóðfæri og auðveldustu raddirnar er hægt að leika á lausum streng eða með einfaldri fingrasetningu. Safnið er gefið út samhljóða fyrir fiðlur,

viólur og selló og hægt er að setja saman samspil þar sem hver spilar úr sinni bók. Raddirnar liggja reyndar stundum heldur hátt fyrir viólur og selló sem þurfa þá að spila í stillingum mun fyrr en fiðluleikararnir.

Hverju lagi fylgja uppástungur að æfingum eða flutningsmáta og hægt er að setja lögin saman í syrrpur. Í þessari bók er frábært efnisyfirlit sem ég notaði sem fyrirmynd að efnisyfirliti lagalistans í mínu verkefni en þar koma fram upplýsingar um takt- og tóntegund, tækniatriði og fjölda laga. Aðgengileg og skemmtileg bók. Engar hljóðskrár fylgja bókinni.

Finnland: Mauno Järvelä: *Näppärimusaa 1 og 2* (1998)

Näppärimusaa bækurnar eru tvö hefti sem gefin voru út af finnsku þjóðlagastofnuninni (Kansanmusiikki-institutti) sem ítarefni með námskeiðum á vegum samtakanna. Í bókunum eru finnsk þjóðlög útsett fyrir eina til þrjár fiðlur. Sellórödd fylgir mörgum laganna en er oftast en ekki prentuð sér aftast í bókina. Mörg laganna eru í A dúr sem er þægileg tóntegund fyrir unga fiðluleikara en hentar síður víólu- og sellóleikurum á sama aldri. Lögin gera sum miklar kröfur til spilaranna og fylgiraddirnar eru oftast en ekki á svipuðu erfiðleikastigi og laglínan. Þó eru skrifaðar auðveldar fylgiraddir við sum laganna. Lögunum er ekki raðað eftir erfiðleikastigi og þeim fylgja ekki neinar sérstakar upplýsingar nema úr hvaða safni lagið er fengið og svo nafn útsetjara og höfundar ef vitað er. Geisladiskur fylgir bókunum sem mér finnst góð viðbót.

Annað efni: Til viðbótar skoðaði ég ýmislegt efni sem mér hefur áskotnast gegnum tíðina. Mette Vendelbo, danskur kollegi í strengjakennarastétt sendi mér töluvert af nótum og Sarah Sekkelsten sem var samkennari minn í Noregi til margra ára gerði slíkt hið sama. Hér gefst ekki færi á að fara yfir allt í smáatriðum en mig langar að taka fyrir eina útsetningu úr safni Mette á laginu *Jeg så en ulv, en ræv en hare* (Ég sá úlf, ref og héra). Lagið er frá miðöldum og finnst í ýmsum útgáfum víða á Norðurlöndum. Dýrin í textanum vísa í kóng, aðal og kirkju sem almúginn þurfti að borga háa skatta á miðöldum við miklar óvinsældir.

Ulv, Ræv, Hare



Jeg så en ulv, en ræv, en hare

Jeg så dem danse alle tre

Hér sjáum við upphafið að útsetningu að þessu fjöruga lagi fyrir fjórar fiðlur. Fylgiraddirnar í þessari útsetningu eru hugsaðar svipað og fylgiraddirnar í mínum útsetningum og ég sé fyrir mér að auðvelt væri að aðlaga þessa útsetningu öðrum strengjahljóðfærum.

Lagið er einfalt en það er hægt að gera alls konar tilbrigði í flutningi þess eins og sést á eftirfarandi upptöku með hljómsveitinni Virelai af plötunni *Havmandens kys*:

https://www.youtube.com/watch?v=N_R3mttjAfU

Það er alltaf gaman að rekast á fólk sem er að hugsa hlutina á sömu nótum og maður sjálfur og ég upplifði það mjög sterkt með þetta lag.

4.2.2.1 Vefsíður

Þar sem verkefnið mitt er gefið út í formi vefsíðu skoðaði ég norrænar vefsíður með þjóðlagatónlist til þess að fá hugmyndir um uppsetningu og notkunarmöguleika. Hér á eftir fjalla ég stuttlega um fjórar þeirra; eina norska, tvær danskar og eina sænska.

Noregur: *Norsk musikkråd, fylkisiráðið í Akershus*

<https://www.musikk.no/akershus/prosjekter/folkemusikk-i-akershus>

Norsk musikkråd eru regnhlífasamtök sem halda utan um alls kyns tónlistarstarf í Noregi. Samtökunum er skipt niður í deildir eftir fylkjum og er þeim í sjálfsvald sett hvaða markmið og stefnu þau setja sér á hverjum stað. Flest einbeita sér að tónlistariðkun almennings og sjálfbóðaliðastarfi hvers konar. Fylkisiráðin eru mjög misvirk en í fylkinu þar sem ég bjó, Akershus (sem nú heitir Viken eftir að hafa sameinast fylkjunum Buskerud og Østfold í ársbyrjun 2020) er mikil starfsemi, ekki síst á sviði þjóðlagatónlistar. SAFFA – Samarbeidsorganet for Folkedans og Folkemusikk i Akershus eru áhugamannasamtök um þjóðlagatónlist sem rekur spillemannslag, stendur fyrir námskeiðum og viðburðum fyrir börn og fullorðna og hefur gefið út mikið efni á nótum og á hljóðskráum sem sumt er aðgengilegt á síðu fylkisiráðsins.

Á síðunni má sjá nokkur nótnasöfn á vegum SAFFA samtakanna. Lögin eru flest einradda, oft með texta og hljómsett, en einnig er þar að finna útsetningar fyrir fleiri hljóðfæri. Lögin eru skrifuð upp í forritinu *Musescore* og hægt er að hlaða niður stökum lögum til útprentunar. Helsti kostur viðmótsins er sá að hægt er að sjá lögina á nótum í yfirlitsmynd án þess að opna hvert og eitt þeirra.

<https://musescore.com/user/9445791/sets/5103653>

Þannig er auðvelt og fljótlegt að sjá hvort lagið eða útsetningin hentar tilefninu.

Danmörk: *Folkets Hus Spillefolk*

<https://spillefolk.dk/nodesamlingen/andre-sogninger/>

Þessi vefsíða er nótnasafn dönsku félagasamtakanna *Folkets Hus Spillefolk* sem er danskt áhugafélag um norræna þjóðlagatónlist og þjóðdansa. Síðan er sannkölluð gullkista þar sem hægt er að leita uppi lög frá ýmsum löndum og landsvæðum, bæði á nótum með bókstafshljómum og hljóðskráum. Nokkur laganna eru útsett fyrir fleiri en eitt hljóðfæri. Síðan er aðgengileg og auðvelt að leita á henni eftir erfiðleikastigi og uppruna laganna. Mér finnst uppsetning lagasafnsins góð og leitarskilyrðin létta notkun síðunnar til muna.

Danmörk: *Spillemandskredsen*

<https://www.spillemandskredsen.dk/?Nodemappen>

Spillemandskredsen eru dönsk landssamtök áhugafólks um þjóðlagatónlist sem hafa mjög umfangsmikið nótnasafn á sínum snærum. Hér er að finna heildarsöfn danskrar þjóðlagatónlistar á pdf og xml formi til niðurhals og útprentunar. Útsetningarnar eru fjölradda og þeim fylgja bókstafshljómar.

Síðan er hins vegar heldur óaðgengileg, það er ekki hægt að leita í safninu og til þess að sjá efnið þarf að hlaða því öllu niður sem getur verið tímafrekt og þungt í vöfum.

Svíþjóð: *Folkwiki*

<http://www.folkwiki.se>

Folkwiki.se er opin wiki-síða sem haldið er uppi af áhugafólki um norræna þjóðlagatónlist. Síðan er mjög umfangsmikil, á henni er lagasafn, ýmis fróðleikur, spjallþræðir og hlekkir á önnur nótnasöfn. Hún er samt auðveld í notkun þar sem hægt er að leita að lögum eftir tóntegundum, formi, uppruna, höfundum og svo mætti lengi telja. Í safninu er að finna laglínur, laglínur með bókstafshljómum og töluvert af lögum með fylgirödd. Helsti kostur síðunnar er leitarvél.

Allar eiga þessar síður það sameiginlegt að innihalda mjög mikið efni sem notendur geta sótt sér að kostnaðarlausu. Uppsetning og notendaviðmót eru þó ólík milli síða og mér fannst merkilegt hvað munurinn hafði mikil áhrif á notkun mína og viðhorf gagnvart síðunum.

Það að fara í gegnum þessar síður og aðrar svipaðar hjálpaði mér að móta notendaviðmót vefsíðu verkefnisins. Ég ákvað til dæmis að hafa nótnadæmi sýnileg svo kennarar fengju hugmynd um erfiðleikastig radda án þess að þurfa að opna hvert einasta skjal. Ég ákvað líka að hafa hljóðskrár aðgengilegar við hvert skjal svo hægt væri að skoða nóturnar og hlusta á þær samtímis. Verkefnið mitt er hins vegar ekki það umfangsmikið að það sé tilefni til þess að setja upp flókna leitarvél í fyrstu atrennu en seinna þætti mér gaman að þróa síðuna áfram svo hægt verði að leita að lögum eftir tóntegund, takttegund og fleiri leitarskilyrðum.

5. kafli. ARFURINN – útsetningarnar

Verkefnið ARFURINN samanstendur af sex sveigjanlegum útsetningum á íslenskum þjóðlögum fyrir strengjanemendur á grunnstigi. Útsetningarnar eru allar eins upp byggðar, laglínunni fylgja þrjár fylgiraddir á mismunandi erfiðleikastigi sem henta allt frá byrjendum til nemenda sem lokið hafa grunnstigi. Allar raddir eru skrifaðar út fyrir öll strengjahljóðfæri.

Með útsetningum af þessu tagi er hægt að setja saman samspilshópa úr mjög fjölbreyttum nemendahópum, bæði hvað varðar getustig, nemendafjölda og hljóðfærasamsetningu. Ekki þarf að nota allar raddir í öllum útsetningum, það má einnig leika laglínu og staka fylgirödd eða tvær að eigin vali. Útsetningarnar virka því jafn vel fyrir víóludúett, fullskipaða strengjasveit og sellóhóp svo dæmi sé tekið.

Hægt er að nota útsetningarnar án mikilla vandkvæða með öllum C hljóðfærum sem deila tónsviði með strengjahljóðfærum, til dæmis þverflautu, blokkflautu, óbó, fagott og túbu. Að sjálfsögðu má tónflytja raddir fyrir önnur hljóðfæri. Mikið af tækninni sem kemur fyrir í útsetningunum er bundin við strengjahljóðfæri en það er ekki algilt og suma effektana er hægt að kalla fram á önnur hljóðfæri. Sé um blandað samspil strengja og blásara að ræða þarf að gæta þess að grunntóntegundin (hljómandi) sé upprunaleg.

Í þessum kafla fer ég yfir vinnuferlið við útsetningarnar sem eru lokaafurð og niðurstöður þessa verkefnis. Undirbúningsvinnunni hefur þegar verið lýst en hér segi ég betur frá því hvar ég leitaði að lögum og hvernig ég valdi þau, í hvaða röð ég vann mismunandi þætti útsetninganna og hvað mér fannst skipta máli við gerð þeirra. Ég fer auk þess yfir uppsetningu og aðgengi að útsetningunum og notendaviðmótið á síðunni sem hýsir þær.

5.1 Lagaval, aðferðir og ferli

Þegar í upphafi verkefnisins hafði ég ákveðnar hugmyndir um hvernig lög mig langaði að útsetja fyrir þetta verkefni. Mér fannst mikilvægt að þau væru lýsandi fyrir tónheim íslenskra þjóðlaga, að umfjöllunarefnin væru fjölbreytt og að þar væri að finna alþekkt lög í bland við lög sem ólíklegt væri að nemendur könnuðust við. Ég ákvað líka að einbeita mér að lögum sem væru skrifuð eða hljóðrituð uppúr munnlegri geymd því mér fannst það lýsa tilgangi verkefnisins best. Auk þess ákvað ég að halda trúarlegum lögum í lágmarki en það gerði ég til að gera efnið hlutlausara og aðgengilegra fólki af ólíkum uppruna. Viðtöl við kollega mína staðfestu að þetta voru allt skynsamleg markmið.

Fyrst skrifaði ég lista yfir þekkt lög sem ég hafði áður notað í kennslu með nemendum og taldi vænleg til árangurs. Á þeim lista voru lög á borð við *Móðir mín í kví kví, Hani, krummi og Krummi svaf í klettagjá* sem öll enduðu í útsetningunum. Ég lagðist svo yfir þjóðlagasafn Bjarna Þorsteinssonar, Silfurplötur og Segulbönd Iðunnar, Tónlist fyrri alda Árna Heimis Ingólfssonar og hlustaði á mikið efni á www.ismus.is og www.rimur.is. Þegar ég rakst á lag sem höfðaði til mín á einhvern hátt prófaði ég að syngja það og tónflytja í hentuga tóntegund. Þau lög sem mér fannst virka best fóru á listann sem lengdist óðum. Ég fór svo yfir listann með hliðsjón af lögum sem kollegar mínir minntust á í viðtölunum og bætti við þeim sem mér fannst eiga heima þar. Að lokum var ég komin með lista sem innihélt 46 lög úr ýmsum áttum.

Næst þemagreindi ég listann, dró saman í flokka lög um svipað umfjöllunarefni og merkti eftir heimildum þar sem við á. BÞ stendur hér fyrir blaðsíðutal úr Íslenskum Þjóðlögum Bjarna Þorsteinssonar, ÁHI blaðsíðutal úr Tónlist fyrri alda Árna Heimis Ingólfssonar, SI lagboða af Silfurplötum Iðunnar, SE lagboða af Segulböndum Iðunnar og IS hljóðrit af www.ismus.is. Mörg laganna sem ég kunni fyrir eru merkt þeirri heimild þar sem ég fann þau skrifuð. Ómerkt lög eru lög sem ég kann eftir eyranu án þess að hafa séð þau á prenti í sambærilegum heimildum.

Tafla 3: Uppkast að lagalista 1/2

Skrímsli, álfar og tröll	Fuglar	Hrafnar	Dýrin á bænum	Náttúran, árstíðir
Ólafur Liljurós BÞ 491	Fuglinn í fjörunni BÞ 588, 599, 600, 638, 665	Krummi svaf í klettagjá BÞ 535 / BÞ 664	Hani, krummi	Skjótt hefur sól brugðið sumri BÞ 566
Ókindarkvæði BÞ 509	Sungu með mér svanur, örn	Krummakvæði BÞ 601	Verður ertu víst að fá	Náttúran sýnist sofin BÞ 660
Upp í háa hamrinum SI 9 (braghent)	Einsetumaður einu sinni BÞ 544	Krummi situr á kirkjuburst BÞ 602	Kindur jarma í kofunum BÞ 618	Við skulum þreyja Þorra og hana Góu
Hættu að gráta hringaná	Fagurt syngur svanurinn BÞ 662	Krumminn á skjánum BÞ 612	Dýrin víða vaknað fá IS	Straumur reynir sterkan mátt SE 218
Móðir mín í kví kví		Krummi krunkar úti BÞ 510		
		Aulinn Krummi BÞ 560		

Tafla 4: Uppkast að lagalista 2/2

Ýmis kvæðalög ferskeytt	Sjósókn	Ljós og myrkur	Heima	Ást og missir	Jól
SI Lagboði 4 (flaskan þjála)	Austan kaldinn BÞ 905 IS ýmis lög	Ljósið kemur langt og mjótt BÞ 533, 790	Yfir kaldan eyðisand IS ýmis lög	Stóðum tvö í túni/þat mælti mín móðir BÞ 523, 790	Það á að gefa börnum brauð
SI Lagboði 117 (Hretin ganga)	Segl upp undin bera bát SI 121	Ljósið loftin fyllir / Stúlkurnar ganga BÞ 561	Vatnsdælingastemma (Ég er að horfa hugfanginn) BÞ789	Eitt sinn fór ég yfir Rín BÞ 278 ÁHI 151	Hátíð fer að höndum ein BÞ 677
SI 123 (Sé ég gróa)	Einu sinni rerum BÞ 668	Gekk ég úti í skógi BÞ 603			Kátt er um jólin BÞ 657
Hættu að gráta hringaná	Siglir dýra súðin mín	Kvölda tekur			Ég þekki Grýlu BÞ 611
					Góða skemmtun gjöra skal BÞ 633
					Frábæra bæra BÞ 337 ÁHI 112
					Ég söng þar út öll jól BÞ 780

Ég bar þennan lista undir leiðbeinanda minn Hildigunni Rúnarsdóttur og við ræddum hvaða lög kæmu best út miðað við þau kennslufræðilegu og listrænu markmið sem ég hafði í huga. Í samráði við Hildigunni ákvað ég að einskorða mig við sex útsetningar hverja með sínu þema en hver útsetning mætti innihalda fleiri en eitt lag. Ég skar lagalistann niður með hliðsjón af þessu og setti upp google skjal sem við höfðum báðar aðgang að.

Í desember 2020 hafði ég lokið við fyrstu gerð lagalistans.

Tafla 5: Lagalisti desember 2020

Heiti	Útburðir og ókindur	Árstíðir	Hrafnaping	Dýrin á bænum	Ljós og myrkur	Jólaveisla
Lög	-Móðir mín í kví kví, -Ókindarkvæði	Skjótt hefur sól brugðið sumri	-Krummi krunkar úti, -Krummakvæði, -Krummi svaf í klettagjá	Kindur jarma í kofunum	Ljósið kemur langt og mjótt	-Ég þekki Grýlu -Kátt er um jólin -Góða skemmtun gjöra skal

Í febrúar 2021, þegar ég var byrjuð að vinna útsetningarnar, áttaði ég mig á því að eitt aðal einkenni íslenskra þjóðlaga, taktskipti, vantaði nánast alfarið í útsetningarnar. Í samráði við Hildigunni skipti ég þá út útsetningunni *Jólaveisla* fyrir *Vísnaðveig*, sem er syrpa af kvæðalögum við ferskeytlur. Endanlegur lagalisti leit þá svona út:

Tafla 6: Endanlegur lagalisti

Heiti	Útburðir og ókindur	Skjótt hefur sól brugðið sumri	Hrafnaping	Kindur jarma í kofunum	Ljósið kemur langt og mjótt	Vísnaðveigur
Lög	-Móðir mín í kví kví, -Ókindarkvæði	Skjótt hefur sól brugðið sumri	-Krummi krunkar úti, Krummakvæði, - Krummi svaf í klettagjá	Kindur jarma í kofunum	Ljósið kemur langt og mjótt	-Hani, krummi -Dýrin víða vaknað fá -Straumur reynir sterkan mátt

Ég var sátt við þessa breytingu enda varð hún til þess að ég náði upphaflegum markmiðum mínum um lagaval. Lagavalið er fjölbreytt og þar koma bæði fyrir alþekkt og minna þekkt lög. Að vísu eru dýr og fuglar áberandi en það eru aðgengileg umfjöllunarefni og líkleg til að höfða til barna auk þess sem þau bjóða upp á skemmtilega möguleika í notkun hljóðfæranna. Fjölbreyttar tilfinningar koma fyrir í lögnum, gleði, hrifning, von, hræðsla, óhugnaður og söknuður. Ég vissi því að hér yrði úr nógu að móða.

5.2 Leiðarstef og skipulag

Við útsetningarnar setti ég mér þá vinnureglu að leyfa laginu að stjórna ferðinni, þó með þarfir markhópsins í huga. Kjarni hvers lags er heildaráhrif af laglínu og texta. Mér fannst mikilvægt að halda í kjarnann gegnum allt ferlið og var tækniþema hverrar útsetningar því

ákveðið með hliðsjón af því. Ég leitaðist við að setja spennandi hljóma við lögin og nota fjölbreytta tækni og fylgiraddir en gætti þess jafnframt að ofskreyta ekki svo laglínan héldist í forgrunni. Að fyrirmynd Fiolinslätteboka eftir Asbjörg Haugan og Ragnhild Endseth Hagerup gerði ég töflu þar sem fram kom allt það sem ég vildi hafa í huga við gerð útsetninganna.

Tafla 7: Áhersluatriði við gerð útsetninganna

Heiti	Lag/lög	Tóntegund	Takttegund	Lega, fingramynstur	Fjöldi radda	Tækni, effektar, túlkun
-------	---------	-----------	------------	---------------------	--------------	-------------------------

Ég gerði töflu fyrir hverja útsetningu og voru þær mjög nytsamlegt tæki til að halda utan um hugmyndir og skipuleggja vinnuna. Eftirfarandi töflu gerði ég til dæmis um útsetninguna Útburðir og ókindur:

Tafla 8: Útburðir og ókindur, áhersluatriði 1/2

Heiti	Lag/lög	Tóntegund	Takttegund
Útburðir og ókindur	Móðir mín í kví kví, Ókindarkvæði BP509 https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-0019d316-29f1-4973-aa48-c78aa42d9ba5 http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=114	D moll D dúr	4/4 Taktskipti 4/4 2/4

Tafla 9: Útburðir og ókindur, áhersluatriði 2/2

Lega, fingramynstur	Fjöldi radda	Tækni, effektar, túlkun
12 3 4 1 23 4 1 2 34 (fiðlur og víólur) 12 4 1 34 1 3 4 (selló) Neðri áttund 1 4 (bassi)	Laglína + 3 fylgiraddir + spunarödd	Adagio-moderato Vamp intro - millispil Flageolettar, sul ponticello, tremolo Óþægileg tónbil Spunarödd Ath tilbrigði er hægt að spila lögin sér?

(Heildaryfirlit yfir töflurnar er að finna í viðauka)

5.3 Vinnulag við útsetningarnar

Þegar ég hafði afmarkað efnið á þennan hátt hófst vinnan við sjálfar útsetningarnar. Fyrst skrifaði ég upp laglínuna eftir minni, af nótum eða eftir eyranu uppúr hljóðritum kvæðamannafélagsins Iðunnar og af ismus.is. Hljóðrit höfðu mikil áhrif á útsetningarnar og þegar ég skrifaði upp eftir hljóðritum hlustaði ég sérstaklega eftir flutningsmáta kvæðafólksins og stemmningu laganna. Dæmi um það er útsetningin að *Ljósið kemur langt og mjótt* en á ismus.is má heyra óþekkta kvæðamenn syngja lagið í fimmundum og eins lýsingu á því hvernig lagið var sungið í keðju. Ég fléttaði þessa flutningsmáta inn í útsetninguna sem ég gerði að laginu. *Dýrin víða vaknað fá* skrifaði ég upp eftir söng Jónasar Bjarnasonar en mér fannst hann syngja laglínuna á einstaklega látlausan og fallegan hátt.

Næst þurfti að tónflytja laglínuna í hentuga tóntegund. Tóntegundin þurfti að uppfylla ýmis skilyrði; það þurfti að vera hægt að setja við hana einfalda fylgirödd á þeim lausu strengjum sem eru sameiginlegir öllum strokhljóðfærum (G, D og A) og fingramynstur og fingrasetningar urðu að vera í samræmi við getustig grunnstigs samkvæmt greinanámskrá hljóðfæranna. Auk þess þurfti hún að vera söngvæn á hentugu tónsviði fyrir börn.

Þetta eru mörg skilyrði og ég endaði á að einskorða grunntón við G, D og E í öllum útsetningunum. Fjölbreytnin er meiri í tóntegundunum sjálfum því þar koma fyrir dúr og moll/eólísk, frýgísk og lýdísk tóntegund.

Þegar hentug tóntegund hafði verið fundin hljómsetti ég lögin. Ég handskrifaði laglínuna upp og setti við hana bókstafshjóma eftir eyranu. Ég var lítið að velta fyrir mér ströngum kontrapunkti eða hljómfraðireglum, svo fylgiraddirnar spruttu mikið til fram af sjálfu sér. Ég sat gjarnan við píanóið eða með fiðluna í höndunum, söng eina rödd og spann aðra á móti. Fylgiraddirnar komu annars til mín á ótrúlegustu stöðum og tímum. Ég tók þá upp á símann minn það sem mér datt í hug þá stundina og sumt rataði í útsetningarnar.

Stigvaxandi erfiðleikastig fylgiraddanna ákvað ég út frá greinanámskrá strokhljóðfæra með sérstakri áherslu á fingramynstur, stroktækni og stillingaskipti auk sértækra tækniatriða. Ég notaði ítölsk orð yfir hugtök í raddskrá og röddum enda er ætlunin sú að nemendur læri þau samhliða efninu. Tónefni fyrir spunaraddir skrifaði ég einnig inn í raddskrár. Ég skrifaði útsetningarnar í nótnaskriftarforritið *Sibelius 7.5* og notaði spilarann *Noteperformer*. Ég notaði spilarann mikið og leiðrétti um leið það sem mér fannst ekki hljóma vel.

Á þessu tímabili fór ég reglulega til Hildigunnar leiðbeinanda míns og bar undir hana það sem ég hafði skrifað. Ég fékk frá henni ráð um form, hljómsætningar, frágang og hvernig ætti að skrifa út ákveðin tækniatriði, spuna og tónefni. Þegar ég hafði lokið við allar útsetningarnar og skrifað allar raddir út fyrir öll hljóðfæri sendi ég Hildigunni allt efnið á xml formi og hún gerði athugasemdir og lagði til úrbætur.

Strengjahljóðfæri hafa hvert sín sérkenni og þeim fylgja ólíkar áskoranir. Ég fór sjálf yfir fiðlu og víóluraddirnar en selló og bassaraddirnar bar ég undir þau Grétu Rún Snorradóttur sellóleikara og Pál Hannesson bassaleikara sem fóru yfir þær með mér og bentu mér á tækniatriði sem eru sérstök fyrir þessi hljóðfæri og hvað gæti reynst erfitt í framkvæmd. Úlfar Ingi Haraldsson tónskáld og kennari við LHÍ fór líka yfir útsetningarnar með mér í þeim tilgangi að samræma rithátt á flaututónum og öðrum sértækum tækniatriðum. Þegar ég hafði lagað útsetningarnar samkvæmt ábendingum setti ég bogastrok og styrkleikabreytingar inn í raddskrárnar, gerði pdf skjöl að raddskrá og stökum röddum og samsvarandi hljóðskrár. Einu raddirnar sem ekki fylgir hljóðskrá eru spunaraddir en það liggur í hlutarins eðli að segja ekki til um flutningsmáta á spunaröddum. Alls urðu raddskrárnar 12, raddirnar 104 og hljóðskrárnar 96.

Samhliða útsetningunum vann ég að kennsluleiðbeiningum fyrir hverja útsetningu. Í kennsluleiðbeiningunum segi ég frá laginu og dreg fram helstu áhersluatriði og þemu í útsetningunni. Hverri útsetningu fylgja nokkrar undirbúningsæfingar sem taka mið af þeim tækniatriðum sem þar koma fram. Allar æfingarnar er hægt að gera eftir eyranu en ég skrifaði margar þeirra upp á nótum til þess að gera þær aðgengilegri.

Kennsluleiðbeiningarnar bar ég undir Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara sem kennt hefur kennslufræði strengjahljóðfæra við LHÍ. Að lokum skrifaði ég öll lögin með texta upp í sér skjöl og vistaði á pdf formi. Heildarfjöldi skjala sem fylgja verkefninu er 224.

5.4 Uppsetning á netinu

Í viðtölunum við kollega mína kom ítrekað fram sú ósk að efnið yrði aðgengilegt á netinu. Mér fannst það sjálfri mjög ákjósanlegt, það er dýrt að gefa út efni á bók og vefútgáfur bjóða upp á möguleika á að breyta og bæta við efni eftir þörfum. Ég ákvað því snemma í ferlinu að gefa efnið út á vefnum.

Í námskeiðinu Námsfnisgerð haustið 2019 gerði ég google sites prufuvefsíðu til þess að kanna möguleika á uppsetningu efnisins og skoða notendaviðmót í ókeypis forritum. Þessa tilraun má sjá á <https://sites.google.com/view/arfurinn/home>

Mér fannst viðmótið á síðunni ekki nógu notendavænlegt. Auk þess langaði mig að geta birt sýnishorn af nótum og tengt á milli radda og hljóðskráa og þau ókeypis forrit sem ég fann buðu ekki upp á þá möguleika. Eftir að hafa skoðað fjöldann allan af vefsíðum og vefbókum varð úr að ég keypti mér lénið www.annahuga.is til þess að geta sett efnið upp á minni eigin wix síðu. Maðurinn minn, Þórarinn Arnar Ólafsson, hannaði síðuna í samráði við mig. Við gerðum ýmsar tilraunir með viðmótið þar sem efnið er mjög umfangsmikið og töluverð áskorun að gera það aðgengilegt. Þegar við vorum orðin sátt við uppsetningu og notendaviðmót síðunnar settum við allt efnið inn á hana í sameiningu. Einkennismyndir hverrar síðu sem einnig prýða greinargerðina fundum við í gagnagrunnum yfir ókeypis myndir á netinu.

Sé farið er inn á síðuna www.annahuga.is birtist valstika efst á síðunni. Verkefnið er undir fána merktum ARFURINN.

ANNA HUGADÓTTIR

Vióluleikari - Tónlistarkennari

Forsíða Um Önnu ARFURINN

Sé smellt á fánann ARFURINN kemur upp fellilisti með eftirfarandi möguleikum:

ARFURINN

Um verkefnið

Yfirlit yfir útsetningarnar

Hrafnáþing

Útburðir og ókindur

Kindur jarma í kofunum

Ljósið kemur langt og mjótt

Vísnaðsveigur

Skjótt hefur sól brugðið sumri

Með hjálp þessa fellilista má ferðast um verkefnið að vild. Efst í listanum eru upplýsingar um verkefnið og þar er einnig hnappur þar sem hægt er að hlaða niður greinargerðinni. Næst er gagnvirk yfirlit yfir útsetningarnar. Einnig er hægt að fara beint í hverja útsetningu fyrir sig úr fellilistanum.

Um verkefnið

Um hvað snýst ARFURINN?

Hvers vegna er verkefnið byggt á íslenskum þjóðlögum?

Á hvaða kennslufræði byggir ARFURINN?

Hentar ARFURINN strengjanemendum á öllum stigum?

Þarf fullskipaða hljómsveit til að spila úr ARFINUM?

Má nota ARFINN fyrir blandað samspil?

Hvað fylgir hverri útsetningu í ARFINUM?

Upplýsingar um verkefnið eru settar upp í spurningaformi þar sem okkur þótti það skýrara og meira aðlaðandi viðmót en hreinn texti.

ARFURINN				
Yfirlit yfir útsetningarnar				
Lög	Tóntegund	Takttegund	Fjöldi radda	Tækniþema
Vísna sveigur - Dýravisur - Dýrin víða vaknað fá - Straumur reynir sterkan mátt	D dúr + F	Taktskipti 4,3,4,2	Laglína og 3 fylgiraddir	Allegretto - Taktskipti Fis-F - Niðurstrok, lyfta boga, bindibogar, niður-upp-upp - Flaututónar - Trillur, mordent.

Gagnvirkt yfirlit yfir allar útsetningarnar gefur kennurum yfirsýn yfir lögina og upplýsingar um útsetningarnar, þar á meðal þau tækniatriði sem tekist er á við í hvert sinn.

Efnisyfirlit:

- ☐ Um lögin
- ☐ Um útsetninguna
- ☐ Æfingar
- ☐ Gögn fyrir kennara
- ☐ Fiðla
- ☐ Víola
- ☐ Selló
- ☐ Kontrabassi

Þegar lag er valið kemur upp síða helguð útsetningunni. Gagnvirkt efnisyfirlit sendir notandann beint á þann stað sem hann vill skoða. Í *Um lögin* fræðumst við um sögu lagsins og sjáum það á nótum með texta. *Um útsetninguna* fjallar um form útsetningarinnar og þau hugtök sem þar eru tekin fyrir. *Æfingar* innihalda upphitun og sértækar æfingar fyrir þau tækniatriði sem tekin eru fyrir í útsetningunni og í *Gögn fyrir kennara* er að finna efni til niðurhals, raddskrár, raddir og kennsluleiðbeiningar.

Neðst á síðunni eru allar raddir útskrifaðar og er hægt að sjá nóturnar og hlusta á þær um leið.

Partar fyrir einstakar raddir

Fiðla laglína

Hrafnaping

Krummi svaf í klettagil: Jón Thoroddson Íslensk þjóðlög (AH2)

Allegretto
Krummi laglína úr (A)

Fiðla laglína

Laglína fyrir fiðlu.

Erfiðleikagráða: 2
Hljóðfæri: Fiðla
Tóntegund: G dúr, E frýgísk
Takttegund: 6/8, 4/4
Hraðayfirskrift: Allegretto
Tækni: bindibogar

00:00 / 01:35

Nótur

Hér má sjá hvernig viðmótið lítur út fyrir einstakar raddir. Sé smellt á hnappinn *Nótur* birtist öll röddin. Við hverja rödd eru upplýsingar um tóntegund, takttegund, hraðayfirskrift og þau tækniatriði sem koma fyrir í viðkomandi rödd. Erfiðleikastig raddanna er gefið til kynna með tölunum 1, 2, 2+ og 3 þar sem auðveldasta röddin í hverri útsetningu er merkt 1 og sú erfiðasta merkt 3. Ég ákvað vísvitandi að gefa erfiðleikastig til kynna með tölum en ekki orðum þar sem mér finnst talan 3 ekki eins gildishlaðin og orð á borð við *erfitt* og

krefjandi. Kennarar sem þekkja til gamla stigakerfisins sem var notað í íslenskum tónlistarskólum fram að útgáfu Aðalnámskrár árið 2001 og er sums staðar enn notað samhliða nýju kerfi munu geta tengt tölurnar við gömlu stigin en það var ekki meðvitað af minni hálfu.

Hljóðskrárnar sem fylgja röddunum eru hugsaðar til þess að hjálpa nemendum í æfingaferlinu. Þær eru gerðar í Sibelius með spilaranum Noteperformer og forritinu *Switch Plus* frá NCH Software sem ég notaði til þess að breyta þeim í mp3 skrár. Hljóðgæði eru þokkaleg en þó vantar nokkuð upp á að allra sértækustu tækniatriðin heyrist vel. Hljóðskrár af raddskránum komu því miður ekki nógu vel út og mér tókst ekki að hljóðblanda þær svo þær gæfu rétta mynd af útsetningunum. Ég íhugaði þann möguleika að tína út raddir og gera minni hljóðskrár en eðli spilarans gerði það að verkum að alltaf var mikil fiðluslagsíða á þeim hljóðskráum sem hljómuðu best. Þar sem útsetningarnar eru gerðar með því hugarfari að jafnræði sé með öllum hljóðfærum ákvað ég því að sleppa því að láta hljóðskrár fylgja raddskránum og láta nemendum og kennurum heldur eftir að skapa sinn eigin hljóðheim úr útsetningunum.



Niðurlag

Lokaverkefnið ARFURINN, sveigjanlegar útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir strengjanemendur á grunnstigi, er komið í höfn. Við verklok er ég fyrst og fremst þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna lokaverkefni sem tengist hugðarefnum mínum og koma því frá mér á aðgengilegu formi. Ég hlakka til að sjá viðbrögðin við verkefninu og vona að efnið nýtist nemendum og kennurum vel. Ekki síst vona ég að ARFURINN verði kennurum og nemendum hvatning til að nýta íslenskan þjóðlagaarf betur og markvissar í tónlistarkennslu.

Vinnan við ARFINN hefur þroskað mig sem tónlistarmann, kennara og útsetjara. Ég hef nýtt allt sem ég kann til þess að gera verkefnið sem best úr garði og hef lært margt sem mun nýtast mér í starfi framvegis.

ARFURINN mun eiga sér framhaldslíf því ég hef fullan hug á að halda áfram að gera útsetningar fyrir tónlistarnema. Fjölbreyttur nemendahópur í tónlistarskólunum kallar á fjölbreytt námsefni og ég vil leggja mitt lóð á vogarskálarnar svo af því megi verða. Næsta safn útsetninga verður helgað norrænum grönnum okkar í austri og vestri. Ég get vart beðið eftir að hefjast handa.

Heimildaskrá

Aðalnámsskrá tónlistarskóla 2001: Strokhljóðfæri/2001

Akershus musikkråd. (e.d). *Folkemusikk i Akershus*.

<https://www.musikk.no/akershus/prosjekter/folkemusikk-i-akershus>

Árni Heimir Ingólfsson. (2019). *Tónlist liðinna alda*. Crymogeia.

Ásgeir Ásgeirsson. (2020). *Íslensk þjóðlög : nótna og kennslubók*. Útgefanda ekki getið.

Birgit Myschi. (2011). *Þekking grunnskólabarna á íslenskum þjóðlögum* [Bakalárritgerð].

Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/8897>

Bjarni Þorsteinsson. (2008). *Íslensk þjóðlög*. Siglufjarðarprentsmiðja.

Black, S. (1982). *The application of the Kodaly method to instrumental music education* [Bakalárritgerð, University of Richmond, Virginia].

<https://scholarship.richmond.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1440&context=honor-s-theses>

Bragi, óðfræðivefur. (e.d). *Ljóð og lausavísur*. <http://www.bragi.arnastofnun.is>

Brinkman, S. og Kvale, S. (2015.) *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing* (3. útgáfa). Sage Publications.

Folkets hus spillefolk. (e.d). *Nodesamling*. <https://spillefolk.dk/nodesamlingen/andre-sogninger/>

FolkWiki. (e.d). *Forsíða*. <http://www.folkwiki.se>

Gígja Jóhannsdóttir. (1988). *Fyrstu fiðlugripin og lögin 1 og 2*. Útgefanda ekki getið.

Griffin, R. J. (1977). Teaching Hispanic Culture through Folk Music. *Hispania* 60(4), 942-945. <https://www.jstor.org/stable/340674>

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. (2019, 30. september). *Rann_eigindlegarII_vidtol* [PowerPoint glærur]. www.myschool.lhi.is.

Guðmundur Andri Thorsson. (2004). „Ónytsamlegu kveðlingar”. Í Gunnsteinn Ólafsson (ritstjóri), *Silfurplötur Iðunnar* (10-14). Kvæðamannafélagið Iðunn og Smekkleysa.

- Guðný Björnsdóttir (kvæðakona). (1971). *Ljósið kemur langt og mjótt*. [Hljóðrit SÁM 91/2388 EF]. Hljóðritasafn Hallfreðar Arnar Eiríkssonar. <https://www.ismus.is/i/audio/uid-a061c824-16dd-411c-a598-feddaa2579de>
- Guðríður B. Helgadóttir. (2018). Kvæðalög og verklag aldanna. Í Rósa Þorsteinsdóttir (ritstjóri), *Segulbönd Iðunnar* (36-38). Kvæðamannafélagið Iðunn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Guðrún Erlendsdóttir (kvæðakona). (1963). *Ljósið kemur langt og mjótt kveðið í keðju*. [Hljóðrit SÁM 86/799 EF]. Hljóðrit Helgu Jónsdóttur og Jóns Samsonarsonar. <https://www.ismus.is/i/audio/uid-99b9cc92-6c2b-464a-954d-aa5e100435e2>
- Guðrún Pétursdóttir. (1999). *Fjölmennningarleg kennsla, forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Höfundur.
- Gunnsteinn Ólafsson (ritstjóri). (2004). *Silfurplötur Iðunnar*. Kvæðamannafélagið Iðunn, Smekkleysa.
- Gylfi Garðarsson. (2017). *Íslenskt kennsluefni í grunnnámi tónlistar 2016-1017*. [Skýrsla]. <http://siton.is/wp-content/uploads/2018/11/Islenkt-tonlistarkennsluefni-2016-17.pdf>
- Haugan, A. og Endseth Hagerup, R. (2017). *Fiolinslätteboka*. Norsk musikkforlag.
- Hildigunnur Rúnarsdóttir. (1999). *Ljósið kemur langt og mjótt*. Íslensk tónverkamiðstöð.
- Ismus: Íslenskur músík og menningararfur. (e.d). Hljóðrit. <https://www.ismus.is/l/audio>
- Íslensk tónverkamiðstöð – mic.is. (e.d). *Leitarvél*. <http://shop.mic.is/Category/212?instrument=1129,1071,1112,1125,1128&productkind=1,2&q=folk%20song>
- Jón Leifs. (1922). Íslenskt tónlistareðli. *Skirnir*, 96(1), 130-143. http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=306610&pageId=4651750&lang=is&q=t%F3nlistare%F0li
- Jón Leifs. (1928). *Ljósið kemur langt og mjótt kveðið í tvísöng*. [Hljóðrit SÁM 98/4207 ST]. Hljóðrit Jóns Leifs. <https://www.ismus.is/i/audio/uid-4131dd6d-e0fe-464c-85de-41263956a6bc>

- Jón Aðalsteinn Þorgeirsson. (2008). *Sönglögin okkar*. Höfundur.
- Jón Aðalsteinn Þorgeirsson. (2013). *Melodi Nord*. Höfundur.
- Jónas Benedikt Bjarnason (kvæðamaður). (1965). Dýrin víða vaknað fá. [Hljóðrit SÁM 92/3195 EF]. Hljóðrit Helgu Jónsdóttur og Jóns Samsonarsonar.
<https://www.ismus.is/i/audio/uid-2f7b7126-f2f0-4b48-84ca-1017fda1f94f>
- Jónas Hallgrímsson. (1841). *Bjarni Thorarensen* [Erfiljóð].
<http://jonas.ms.is/prenta.aspx?adalID=560>
- Järvelä, M. (1998). *Nåppårimusaa 1 og 2*. Kansanmusiikki-instituutti.
- Kodály, Z. (1974). *The selected writings of Zoltán Kodály*. Boosey & Hawkes.
- Kvæðamannafélagið Iðunn. (e.d). *Lagboðar Iðunnar*. <https://www.rimur.is/lagbodar>
- Neumann, C. (2006). The Kodály Method and Learning Theories. *The Canadian Music educator*, 47(4), 48.
<https://search.proquest.com/docview/1026918424/A1D8CF582B434APQ/1?accountid=135701>
- Njáll Sigurðsson. (2004). Kveðskaparlistin – Varðveisla og saga. Í Gunnsteinn Ólafsson (ritstjóri), *Silfurplötur Iðunnar* (bls. 20-31). Kvæðamannafélagið Iðunn, Smekkleysa.
- Pétur Húni Björnsson. (2019). *Íslensk þjóðlög? Söfnun, útgáfa og viðtökur þjóðlagasafns Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög* [Meistararitgerð]. Skemman.
<http://hdl.handle.net/1946/32123>
- Pétur Björnsson og Rósa Þorsteinsdóttir. (2004). Bragfræði rímna. Í Gunnsteinn Ólafsson (ritstjóri), *Silfurplötur Iðunnar* (bls. 15-19). Kvæðamannafélagið Iðunn og Smekkleysa.
- Rahkonen, C. (2004). Scandinavian Fiddling for String Teachers. *American String Teacher Journal*, 54(2), 66-71.
<https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/000313130405400209>
- Ross, C. (2019). *Villitið - tónlistarævintýri á evrópskum karnivölum*. Warén Music.

- Rósa Þorsteinsdóttir (ritstjóri). (2018). *Segulbönd Iðunnar*. Kvæðamannafélagið Iðunn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja - ákall 21. aldar*. Heimskringla.
- Sigurlína Jónsdóttir og Michael Jón Clarke. (2007). *Fiðlufimi*. Mikkólína.
- Sigursveinn Magnússon. (2018). *Tónvís*. Hljómleikafélagið.
- Skjeldrum Toppe, M. (2016). *Folkemusikk og folkedans som et verktøy for integrering og inkludering i møte med barn og unge fra ulike kulturer* [Meistararitgerð, Griegakademiet – Institutt for musikk Universitetet i Bergen]. Bergen Open Research Archive. <https://bora.uib.no/bora-xmlui/bitstream/handle/1956/12311/144679042.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Spillemandskredsen. (e.d). *Nodemappen*.
https://www.spillemandskredsen.dk/index.php?option=com_content&view=article&id=177&Itemid=100030
- Stefán Valmundsson. (2009). *Hljóðfæri á Íslandi fram yfir aldamótin 1900* [Bakkaáritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/3861>
- Svanfríður Hlín Gunnarsdóttir. (2015). *Þjóðlögin og Þorkell: meðhöndlun Þorkels Sigurbjörnssonar á íslenskum þjóðararfi í verkum sínum* [Bakkaáritgerð] Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/31211>
- Szilvay, G. (1979). The Kodaly Method applied to the teaching of stringed instruments. *Keia: The Kodaly Journal*, 4(1), 17-29.
<https://search.informit.org/fullText;dn=470605713103820;res=IELHSS>
- Vilberg Viggósson. (2010). *Sjö íslensk þjóðlög fjórhent fyrir píanó*. ETE.
- Virelai. (2011, 14. október). *Virelai – en ulv, en ræv, en hare*. [Myndband].
www.youtube.com. https://www.youtube.com/watch?v=N_R3mttjAfU
- Vårdal, V. (2020). *Folkemusikk for unge strykere, slatter fra Oslofjorden*. Musikkhusets forlag.
- Wilson, W. A., Rudy, J. T., og Call, D. (2006). *The marrow of human experience: Essays on folklore*. https://digitalcommons.usu.edu/usupress_pubs/54/

York, F. A. (1999). Cultural identity and the Kodály philosophy. *Bulletin (Kodaly Music Education Institute of Australia)*, 14-25.

<https://search.informit.com.au/fullText;dn=088797499052044;res=IELHSS>

Þorkell Sigurbjörnsson. (2002). *Fiðlufrænkur*. Íslensk tónverkamiðstöð.

Þórarinn Stefánsson. (2016). *Íslensk þjóðlög: útsetningar fyrir nemendur í grunnámi*. Polarfonia Classics.

Þórður Magnússon. (e.d.). *Meyjarmissir*. Höfundur.

Þjóðlagasetrið á Siglufirði. (e.d.). *Útgáfa*. <https://siglofestival.com/utgafa-publication/>

Þjóðlagasveitin Slitnir strengir (2021) *Facebooksíða hljómsveitarinnar*.
<https://www.facebook.com/slitnirstrengir/>

Össur Geirsson. (2013). *Jóralögin mín*. Nostur.

Viðauki

a) ARFURINN, www.annahuga.is

Sveigjanlegar útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir strengjasveitir á grunnstigi. Vefsíða með greinargerð, raddskrá, röddum, kennsluleiðbeiningum og hljóðskrá.

b) Spurningalisti – viðtöl við tónlistarkennara.

Hvernig er nemendahópur strengjadeilda samsettur í þínum skóla? Aldur, getustig

Hvernig skipuleggur þú samspil í þínum nemendahópi?

Hvaða námsefni notarðu í samspili með þínum nemendum?

Hvað finnst þér vanta af námsefni?

Hvað finnst þér um að kenna þjóðlög sem hluta af hljóðfæranámi?

Hugmyndin um sveigjanlegar útsetningar kynnt – viðbrögð

- 3-5 raddir í hverri útsetningu, stef og 2-4 fylgiraddir á mismunandi erfiðleikastigi
- útsetningin á að geta hljómað vel með stefi og hvaða fylgirödd sem er
- ákveðið tæknilegt / tónlistarlegt atriði þjálfað í hverri útsetningu
- einfaldaður partitúr með öllum röddum - hljóðskrá
- raddskrá með laginu í söngvænni tóntegund
- partitúr með öllum röddum útskrifuðum
- allar raddir stakar
- hljóðskrár fylgja hverri rödd

Hvaða lög finnst þér að ættu að vera með í slíku námsefni?

Hvaða framsetning þætti þér heppilegust? Net? Bók? Hvað með hljóðskrár? Videó?

Myndir þú vilja upphitunaræfingar eða aðra tæknilega nálgun sem hluta af námsefninu?

Gert er ráð fyrir að nemendur læri að syngja lögin áður en þau eru spiluð. Hvað finnst þér um það?

Aðrar athugasemdir

c) Yfirlit yfir undirbúningstöflur

Bema	Lag/lög	Tóntegund	Takttegund	Lega/ingramynstur	Fjöldi radda	Tækniatriði, túlkun, effektar
Útburðir og ókindur	Móðir mín í kví kví, Ókindarkvæði BÞ509 https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-0019d316-29f1-4973-aa48-c78aa42d9ba5 http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=114	D moll, D dúr	4/4 Taktskipti í síðasta	12 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 f/v 12 4 1 3 4 1 3 4 s Neðri áttund 1 4	Laglína + 3 og spunarödd	Vamp intro - millispil Adagio-moderato Flageolettar, sul ponticello, tremolo Óþægileg tónbil Spunarödd Tilbrigði – hægt að spila stök lög
Árstíðir	Skjótt hefur sól brugðið sumri BÞ 566 https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-278b6e4a-5822-4b5f-a1dd-592db74ecf02	G dúr	4/4 alla breve	1 2 3 4 12 3 4 f/v 1 3 4 12 4 selló 1 4+1 Efri áttund bassi	Laglína + 3	Adagio Dolce, espressivo Sul tasto Sordino Taaa – ta. hægt niðurstrok, hratt uppstrok Skrifa út fermötur
Fuglar	Hrafnaþing: Krummi krunkar úti BÞ510- >Krummakvæði BÞ601 -> Krummi svaf í klettagjá BÞ535, BÞ664	G dúr G dúr frýgísk frá e.	6/8 (i 2) ,2/4 Slegið i 2	1 2 3 4 12 3 4 f/v 1 3 4 12 4 s a)1 4 efri áttund bassi b)1 4+1 efri áttund, 1 3 og 1 4 neðri 8	Laglína + 3	Moderato Froskur, bogagrip: braka/krunka með boganum Taktskipti Forslög Tilbrigði – hægt að spila stök lög
Dýrin á bænum	Kindur jarma í kofunum BÞ 618 https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-396258db-ec2f-47bf-8b36-dcef5601af20	G lýdísk (byrja á g, cís og fis)	4/4 (alla breve)	1 2 3 4 1 2 3 4 f/v 1 3 4 1 3 4 s Ath. bassi	Laglína + 3	Allegretto Glissando, hægt hratt, upp og niður, líkja eftir dýrahljóðum. Pizzicato Banka í hljóðfærin, col legno
Ljós og myrkur	Ljósið kemur langt og mjótt BÞ533 (559) https://www.ismus.is/i/bookpage/uid-a6e239d3-e1da-49f1-8005-efb2e44e09db	Lýdísk frá g'	4/4	1 2 3 4 f/v 1 3 4 s Neðri áttund bassi	Laglína +3 og spunarödd	Larghetto Flautando Sul tasto. Crescendo Spunarödd Fimmund, keðja https://www.ismus.is/i/audio/uid-99b9cc92-6c2b-464a-954d-aa5e100435e2
Lausavísur - vísnaðsveigur	Hani krummi hundur svín Dýrin víða vaknað fá https://www.ismus.is/i/audio/uid-2f7b7126-f2f0-4b48-84ca-1017fda1f94f Straumur reynir sterkan mátt Segulbönd lóunnar nr 218	D dúr	Taktskipti	1 2 3 4 f/v 12 3 4 1 3 4 s 12 4	Laglína +3	Allegretto Marcato Niðurstrok - lyfta boga Fimmundir Fylgirödd 3 flageolettar, trillur, mordent
Jól - geyma	Jólaveisla Gilsbakkapula - ath Kátt er um jólin BÞ 657-658 Ég þekki Grýlu BÞ 611 Góða skemmtun gjöra skal BÞ 633	e frýgísk C dúr e eólisk	4/4	12 3 4 1 2 3 4	Laglína +3	Allegretto Rytmskur undirleikur, áherslur Niður, upp-upp Blanda lögunum saman Ath tilbrigði, er hægt að spila lögin sér?